



Ársrit  
Samkeppniseftirlitsins 2008

# Meira aðhald – betri árangur

*„Aldrei er meiri ástæða til að hafa vakandi auga með samkeppni og samkeppnisaðstæðum en þegar sverfur að í íslensku atvinnulífi“.*

# Efnisyfirlit

<b>Að virkja samkeppni</b> Ávarp formanns stjórnar	bls. 4
<b>Árangur skiptir öllu máli</b> Inngangur forstjóra	bls. 5
<b>Fyrirmyndastofnun 2008</b>	bls. 7
<b>Samkeppniseftirlitið &amp; almenningur</b>	bls. 8
<b>Samkeppniseftirlitið &amp; fyrirtæki</b>	bls. 9
<b>Aukin skilvirkni – bætt málsmeðferð</b>	bls. 10
<b>Algengt að málum sé lokið með sátt</b>	bls. 11
<b>Undir smásjóni: Matvörumarkaður</b>	bls. 12
<b>Hagsmunasamtök fyrirtækja axli ábyrgð</b>	bls. 16
<b>Bótaréttur tjónþola</b>	bls. 18
<b>Stiklað á stóru 2007</b>	bls. 20
<b>Mál til meðferðar 2007</b>	bls. 22



Útgefandi



Júní 2008



## Að virkja samkeppni

### Ávarp formanns stjórnar

Í samkeppnislögum er tekið fram að markmið laganna sé að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Í lögnum er hvorki langur né ítarlegur texti um það hvernig þessu markmiði skuli náð. Samkeppnislögin íslensku, eins og raunar sambærileg lög í nágrannalöndum okkar, eru nokkuð almennt orðuð. Þannig segir t.d. að samningar, sem hafa það að markmiði að koma í veg fyrir samkeppni, séu bannaðir og að misnotkun á markaðsráðandi stöðu sé bönnuð. Þetta er síðan skýrt aðeins í lögnum með knöppum texta. Nánari skýringar þarf hins vegar að sækja annað, í umfjöllun dómstóla, fræðimanna og stofnana eins og Samkeppniseftirlitsins og áfrýjunarnefndar samkeppnismála, bæði hérlendis og erlendis.

***Með niðurstöðum í samkeppnismálum, sem eru bæði réttar frá sjónarhóli hagfræði og lögfræði og settar fram á skýran og skiljanlegan hátt, eru leikreglur viðskiptalífsins best mótaðar og jafnframt kynntar fyrir þátttakendum í viðskiptalífinu.***

Þessi framsetning á samkeppnislögum er óhjákvæmileg. Ástæðan er einföld. Það væri ógjörningur að skrá í lög hvernig skera skuli úr öllum þeim flækjum sem upp geta komið þegar reynt er að sjá til þess að samkeppnislögum sé fylgt. Þessi framsetning gerir hins vegar meiri kröfur til samkeppnisyrvalda en ella. Þau þurfa að rökstyðja niðurstöður sínar með ítarlegri hætti en ef einfaldlega væri hægt að vísa til lagatexta sem tæki af öll tvímæli í hverju tilfalli. Ef vel á að vera þarf rökstuðningurinn oftast ekki síður að byggja á hagfræði en lögfræði. Lögfræðin ein dugar ekki til að leggja mat á það hvenær viðskiptahættir eru skaðlegir og óeðlilegir og leiða ekki til þeirrar hagkvæmu nýtingar framleiðsluþátta þjóðfélagsins sem að er stefnt.

Það samspil hagfræði og lögfræði, sem samkeppnisréttur byggir á, gerir óneitanlega talsverðar kröfur til

samkeppnisyrvalda og dómstóla og svo auðvitað þeirra sem eiga að fara eftir lögnum. Samkeppnisyrfvöld þurfa auk þess sérstaklega að gæta að því að úrskurðir þeirra séu skýrir og auðskiljanlegir. Niðurstöður í einstökum málum og önnur umfjöllun Samkeppniseftirlitsins eru mikilvægur farvegur til að miðla upplýsingum til viðskiptalífsins um það hvað má og hvað ekki í ljósi samkeppnislaga. Það getur verið æði vandasamt að fjalla þannig um mál að það bæði fullnægi kröfum áfrýjunarnefndar og dómstóla og sé jafnframt aðgengilegt og skýrt í augum þeirra sem stýra viðskiptum en eru ekki sérfróðir um samkeppnismál. Undan því verður þó ekki skorast.

Með niðurstöðum í samkeppnismálum, sem eru bæði réttar frá sjónarhóli hagfræði og lögfræði og settar fram á skýran og skiljanlegan hátt, eru leikreglur viðskiptalífsins best mótaðar og jafnframt kynntar fyrir þátttakendum í viðskiptalífinu. Með slíkri vinnu stuðlar Samkeppniseftirlitið best að því að markmið samkeppnislaga náist.

Ýmsar aðrar kröfur þarf vitaskuld einnig að gera til Samkeppniseftirlitsins. Mál þarf alla jafna að afgreiða hratt. Það þarf að sinna vel þeim erindum, sem til stofnunarinnar er beint, og taka upp mikilvæg mál að eigin frumkvæði. Fylgjast þarf með einstökum mörkuðum og grípa inn í þegar þurfa þykir, sérstaklega ef samkeppnislög hafa verið brotin. Koma þarf á framfæri ábendingum við stjórnvöld um hvað má betur fara í þeirri umgjörð efnahagslífsins sem þau móta. Þannig mætti lengi telja.

Í þessu riti má finna nokkra lýsingu á starfi Samkeppniseftirlitsins árið 2007. Það er mat mitt að allvel hafi gengið að uppfylla þær kröfur sem nefndar eru hér að framan. Vissulega er aldrei hægt að uppfylla þær til fulls. Það er alltaf hægt að gera enn betur. Til þess stendur hugur stjórnenda og starfsmanna Samkeppniseftirlitsins. ■

**Gylfi Magnússon,**  
**formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins**

# Árangur skiptir öllu máli

## Inngangur forstjóra

### *Hver er staðan?*

Aldrei er meiri ástæða til að hafa vakandi auga með samkeppni og samkeppnisaðstæðum en þegar að sverfur að í íslensku atvinnulífi. Þegar saman fara óhagstæðar ytri aðstæður, skertur aðgangur að lánsfé, veiking gjaldmiðils, tilheyrandi verðbólga og fall á verðmæti hlutabréfa er hætt við að fyrirtæki á samkeppnismarkaði leiti leiða út úr vanda sínum með aðferðum sem til þess eru fallnar að skerða samkeppni neytendum til tjóns. Hafa ber í huga að fákeppniseinkenni eru áberandi á mörgum lykilmörkuðum íslensks atvinnulífs en þegar svo háttar er oft hætta á samkeppnisröskun.

Við núverandi aðstæður þarf að fylgjast vel með aukinni samþjöppun og áhrifum hennar, ástæðum hækkandi verðlags og hugsanlegri viðleitni fyrirtækja til að verja stöðu sína með auknum samkeppnishindrunum. Hafa ber einnig í huga að áhrif samkeppnishindrana sem fyrir eru geta verið afdrifarík þegar svona árar.

Afar brýnt er að fyrirtæki á samkeppnismarkaði gæti þess vel að ekki sé gengið á svig við samkeppnislög. Þetta á ekki síst við um stærri fyrirtæki og hagsmunasamtök fyrirtækja en þeim ber skilyrðislaust að hafa þekkingu á því hvað þeim er heimilt að gera og hvað felur í sér brot á samkeppnislögum. Samkeppnisyfirvöld hafa á liðnum árum auðveldað fyrirtækjum þetta mat því að með ítarlega rökstuddum niðurstöðum í fyrri málum felast oft mikilvæg fordæmi sem vísa veginn.

Í þessu sambandi má nefna að nýlega birti Samkeppniseftirlitið skýrslu um viðskiptasamninga birgja og annað samstarf fyrirtækja á matvörumarkaði. Í henni er bent á ákvæði samninga sem raskað geta samkeppni og veittar leiðbeiningar um hvers konar hagsmunagæsla og samvinna innan samtaka fyrirtækja geti farið gegn samkeppnislögum. Nánar er fjallað þetta í ársritinu á bls. 12.

### *Hvar stendur Samkeppniseftirlitið?*

Samkeppniseftirlitið hefur á þeim þremur árum, sem það hefur starfað, leitast við að efla umgjörð sína og úrvinnslu mála með það í huga að sem mest gagn geti orðið af starfi þess. Samkeppniseftirlitið lítur fremur á sig sem hóp fólks með brýn verkefni en hefðbundna ríkisstofnun. Þannig skiptir öllu máli að þar starfi hæft fólk sem byggir hratt upp reynslu sem nýtist samfélaginu til lengri tíma.

Miklu skiptir einnig að hægt sé að fylgjast með því hvaða árangri Samkeppniseftirlitið skilar. Þess vegna beitir Samkeppniseftirlitið samhæfðu árangursmati í starfi sínu en í því felst að markmið eru skilgreind og í tengslum við þau útfærð mælanleg viðmið sem fylgst er með. Þannig er fylgst með því hvort sett markmið eru að ná fram að ganga og vinnan skipulögð út frá því. Samhliða skapast forsendur til þess að tengja starfskjör starfsmanna við árangur.



Erfitt er að meta árangur aðgerða samkeppniseftirlits fyrir samfélagið. Við slíkt mat er eðlilegt að hafa til hliðsjónar hagfræðilega útreikninga eða kenningar um tjón það sem hlýst af samkeppnishindrunum á borð við ólögmætt samráð. Nefna má í þessu sambandi að á vettvangi OECD hefur oftar en einu sinni verið fjallað um áhrif ólögmæts samráðs og gefa þær niðurstöður m.a. til kynna að verðsamráð leiði að jafnaði til a.m.k. 10% herra verðs og að tjón samfélagsins sé enn meira. Aðrar kannanir OECD og rannsóknir fræðimanna gefa til kynna að þetta mat sé mjög varfærið. Ef byggt er á slíkum forsendum má ætla að í hvert sinn, sem Samkeppniseftirlitið stöðvar og upprætir ólögmætt samráð, skapist til lengri tíma af því ávinningur fyrir samfélagið í líkingu við tjónið sem samráðið ella hefði valdið.

*Við núverandi aðstæður þarf að fylgjast vel með aukinni samþjöppun og áhrifum hennar, ástæðum hækkandi verðlags og hugsanlegri viðleitni fyrirtækja til að verja stöðu sína með auknum samkeppnishindrunum.*

Auðveldara er að meta árangur Samkeppniseftirlitsins í mannauðsmálum og ýmsum innri ferlum, ekki síst í meðferð mála. Þar hefur náðst góður árangur á síðustu árum. Tekist hefur að skapa eftirlitinu fyrsta flokks umgjörð með skýrri starfsmannastefnu, góðum upplýsingakerfum og hentugu húsnæði. Afleiðing af þessu er m.a. að málshraði hefur aukist og aldurssamsetning mála hefur stórbatnað. Samhliða hefur Samkeppniseftirlitið náð betri stjórn á ráðstöfunartíma sínum. Þá hafa umsvif eftirlitsins aukist verulega á milli ára. Fjallað er nánar um þetta í ársritinu á bls. 10.

Aðhald og vitneskja neytenda og fyrirtækja um samkeppnismál og aðgerðir á samkeppnismarkaði



## Samkeppniseftirlitinu bárust á síðasta ári fleiri ábendingar en nokkru sinni áður, einkum í gegnum sérstaka gátt á heimasíðu þess.

skipta miklu máli. Í nýlegum könnunum kemur fram að rúmur fjórðungur almennings og rúmur þriðjungur stjórnenda fyrirtækja hafa orðið mikið varir við aðgerðir Samkeppniseftirlitsins á undanförunum mánuðum. Í báðum tilvikum eru 80% svarenda jákvæðir í garð Samkeppniseftirlitsins og 63% stjórnenda fyrirtækja bera mikið traust til eftirlitsins. Ein afleiðing af almennri þekkingu á samkeppnismálum er aukið aðhald einstaklinga og fyrirtækja. Áberandi er í þessu sambandi

að Samkeppniseftirlitinu bárust á síðasta ári fleiri ábendingar en nokkru sinni áður, einkum í gegnum sérstaka gátt á heimasíðu þess. Fjallað er um þetta í ársritinu á bls. 22.

Með árangursríku starfi Samkeppniseftirlitsins skapast mikilvæg varnaðaráhrif. Það ásamt auknum skilningi fyrirtækja á samkeppnismálum getur leitt til þess að unnt sé að uppræta ýmis samkeppnislagaþrot með skilvirkari hætti en ella. Þannig hefur gefist vel sá möguleiki að ljúka málum með sérstakri sátt. Með því gefst tækifæri til þess að ljúka málum á styttri tíma og gera fyrr en ella breytingar á starfsemi viðkomandi fyrirtækja, neytendum og keppinautum til hagsbóta. Fjallað er um þetta á bls 11.

### Hvað er hægt að bæta?

Í nýlegum könnunum kemur fram að 90% almennings og um 80% forsvarsmanna fyrirtækja telja að Samkeppniseftirlitið ætti að veita fyrirtækjum meira aðhald. Samkeppniseftirlitið er sammála þessu. Þó margt hafi unnist vel má enn gera betur. Með auknu rekstrarsvigrúmi er hægt að fjölga stjórnvöldum og bæta málshraða.

Samkeppniseftirlitið telur enn fremur mikilvægt að efla grunnrannsóknir. Með

grunnrannsóknnum er átt við ítarlegar greiningar á tilteknum sviðum atvinnulífsins þar sem hugsanlegar aðgangs- og samkeppnishindranir eru greindar. Sérstakur hluti grunnrannsókna af þessu tagi er kortlagning stjórnunar- og eignatengsla, m.a. til að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla og valdasambjöppunar sem takmarkað geta samkeppni. Grunnrannsóknir af þessu tagi eru mikilvægur grundvöllur undir allt starf Samkeppniseftirlitsins.

Stjórnvöld hafa lýst yfir vilja sínum til auka rekstrarsvigrúm Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið stefnir þó ekki að því að verða stór stofnun, þvert á móti er mikilvægt að viðhalda þeim krafti og skilvirkni sem oft einkennir smærri fyrirtæki og stofnanir. Meira máli skiptir að eftirlitið sé í stakk búið til að laða að og halda í hæfustu sérfræðinga sem völ er á. Hér skipta gæði meira máli en fjöldi. Eftirlitið leggur einnig áherslu á svigrúm til að leita þekkingar sem til staðar er í háskóla- og fræðasamfélaginu og nýta þjónustu lögmanna og annarra sérfræðinga. Við erum meðvituð um að Samkeppniseftirlitið getur ekki alltaf búið yfir allri þeirri þekkingu sem þörf er á í einstökum málum. Þetta er aðferð til að bregðast við því.

### Eftirlitið leggur einnig áherslu á svigrúm til að leita þekkingar sem til staðar er í háskóla- og fræðasamfélaginu og nýta þjónustu lögmanna og annarra sérfræðinga.

Huga þarf að fleiri í umgjörð samkeppnismála, þ.á m. möguleikum tjónþola til að sækja bætur á hendur fyrirtækjum sem brjóta samkeppnislög. Nýlegur dómur Hæstaréttar vegna bótakröfu Sigurðar Hreinssonar á hendur Keri hf.<sup>1</sup> er mikilvægur í þessu tilliti. Neytendasamtökin hafa haft forgöngu um að liðsinna neytendum sem vilja sækja rétt sinn að þessu leyti. Það framtak er lofsvert enda felst mikilvægt aðhald í því fyrir fyrirtæki á samkeppnismarkaði að þau eigi á hættu að aðilar sækja bætur til þeirra vegna tjóns sem hlýst af brotum þeirra á samkeppnislögum. Mikilvægt er að stjórnvöld leiti leiða til að auðvelda neytendum að sækja slíkan rétt, m.a. með því að skapa grundvöll fyrir hóp málssóknir í íslensku réttarfari. ■

**Páll Gunnar Pálsson forstjóri**

### Stjórn

#### Gylfi Magnússon

dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, formaður

#### Jóhann R. Benediktsson

lögreglu- og tollstjóri á Suðurnesjum

#### Jóna Björk Helgadóttir,

héraðsdómslögmaður

### Varamenn í stjórn

#### Eyvindur G. Gunnarsson

lektor við lagadeild HÍ

#### Áslaug Árnadóttir

settur ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneyti

#### Guðný Hrund Karlsdóttir

viðskiptafræðingur

### Forstjóri – yfirstjórn:

#### Páll Gunnar Pálsson

forstjóri

#### Guðmundur Sigurðsson

aðstoðarforstjóri

#### Ásgeir Einarsson

aðstoðarforstjóri

# Fyrirmyndarstofnun

árið 2008

**P**ann 14. maí sl. varð Samkeppniseftirlitið fyrir valinu sem ríkisstofnun til fyrirmyndar árið 2008. Af þessu tilefni birti fjármálaráðuneytið svohljóðandi fréttatilkynningu:

„Í dag afhenti Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra, Samkeppniseftirlitinu viðurkenningu sem ríkisstofnun til fyrirmyndar 2008. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri, veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd stofnunarinnar. Einnig afhenti ráðherrann Kvennasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss og Geislavörnum ríkisins hvatningarviðurkenningar.

Í janúar skipaði fjármálaráðherra nefnd til þess að velja ríkisstofnun sem skarað hefur fram úr og verið til fyrirmyndar í starfi sínu. Í nefndinni voru Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, Ásdís Halla Bragadóttir, stjórnsýslufræðingur, og Birna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Glitnis. Með nefndinni störfuðu Angantýr Einarsson, skrifstofustjóri, og Arnar Þór Másson, stjórnmalafraeðingur í fjármálaráðuneytinu.

Óskað var eftir tilnefningum frá ráðuneytum auk þess sem ríkisstofnanir gátu sjálfar óskað eftir þátttöku. Alls tóku 15 stofnanir þátt að þessu sinni. Horft var til stefnumótunar, framtíðarsýnar og markmiðssetningar stofnana við ákvörðun um valið. Einnig var horft til stjórnunaraðferða og hvernig stjórnendur og starfsmenn fylgja eftir að settum markmiðum sé náð. Skoðað var hvaða aðferðum stofnanir beita við að þróast og bæta árangur sinn í síbreytilegu umhverfi, auka nýjungar í þjónustu við notendur og bæta liðsheild innan stofnananna. Jafnframt lagði nefndin áherslu á að starfsemi ríkisstofnunar til fyrirmyndar væri árangursrík, skilvirk og að stjórnendur legðu áherslu á að gera betur.


Í niðurstöðum nefndarinnar segir um vinningshafann:

Fá því að ný samkeppnislög tóku gildi árið 2005 hefur uppbygging Samkeppniseftirlitsins verið markviss. Stofnunin starfar eftir skýrri stefnu og markmiðum og leggur mikinn metnað í að hrinda þeim

í framkvæmd með gagnsæjum ferlum sem endurskoðaðir eru reglulega.

Skipulag stofnunarinnar er verkefnamiðað og byggist á jafningjastjórnun þar sem starfsfólk er virkjað til ábyrgðar. Árangur starfseminnar kemur m.a. fram í bættri aldursamsetningu mála og auknum málshraða á undanförunum árum. Vel er haldið á starfsmannamálum innan stofnunarinnar og með markvissum starfs- og launasamtölum er lagður grunnur að frammi-stöðumati sem tekur mið af ábyrgð og árangri. Þá er lögð áhersla á hagkvæmni við nýtingu fjármuna sem kemur m.a. fram í virku tímaskráningarkerfi. Stjórnendur stofnunarinnar hafa skýra sýn á framtíð hennar og þann árangur sem ætlunin er að ná á næstu árum. Augljóst er að mikið og metnaðarfullt starf fer fram hjá Samkeppniseftirlitinu og eru stjórnendur meðvitaðir um stöðu stofnunarinnar í samfélaginu. Nefndin telur að aðrar ríkisstofnanir gætu tekið sér stofnunina til fyrirmyndar á mörgum sviðum.

Þetta er í sjöunda sinn sem ríkisstofnun til fyrirmyndar er valin. Umferðastofa varð fyrir valinu 2006, ÁTVR 2004, Orkustofnun 2002, Landgræðsla ríkisins 2000, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi 1998 og Kvennaskólinn í Reykjavík 1996.“ ■



# almenningur

## Samkeppniseftirlitið & almenningur

### Almenningur vill að fyrirtækjum sé sýnt meira aðhald

**P**ekking almennings á samkeppnismálum og aðgerðum Samkeppniseftirlitsins skiptir miklu máli því að hún er ein forsenda þess að neytendavitund eflist og dafni. Með ríkri neytendavitund skapast aðhald sem mikilvægt er fyrirtækjum á samkeppnismarkaði og stjórnvöldum. Aðhald almennings er einnig mikilvægt Samkeppniseftirlitinu. Aðhald neytenda getur m.a. endurspeglast í ábendingum til eftirlitsins en þeim hefur fjölgað mikið á síðustu misserum.

Í nýlegri viðhorfskönnun, sem Samkeppniseftirlitið lét gera, kemur fram að nokkuð hátt hlutfall almennings, eða rúmur fjórðungur, taldi sig hafa orðið mikið varan við aðgerðir Samkeppniseftirlitsins á undanförunum mánuðum.


Athyglisvert er að af þeim, sem fylgst höfðu með aðgerðum Samkeppniseftirlitsins, voru 80% jákvæðir í garð þess. Aðeins 9% þeirra, sem þekktu til starfa eftirlitsins, voru neikvæðir í garð þess.

Til hliðsjónar má nefna að samkvæmt greiningu Fjölmíðlavaktarinnar á umfjöllun um Samkeppniseftirlitið í fjölmiðlum hefur fjölmiðlaumfjöllun í vaxandi mæli verið jákvæð en neikvæð eða hlutlaus umfjöllun hefur minnkað.

Í nýlegri könnun í Þjóðarpólssi Gallup kemur fram að 90% almennings telja að Samkeppniseftirlitið ætti að veita fyrirtækjum meira aðhald. Samkeppniseftirlitið er sammála þessu. Þó að margt hafi unnist vel má enn gera betur. Með auknu rekstrarsvigrúmi er hægt að fjölga stjórnsýsluathugunum, bæta málshraða og styrkja grunnrannsóknir eftirlitsins. ■


**Viðhorfskönnun um þekkingu á aðgerðum Samkeppniseftirlitsins og viðhorf í garð þess var framkvæmd af Gallup 21. til 31. mars sl. með símakönnun. Úrtak var 1.350 manns, 16-75 ára, handahófsvalið úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 60,9%.**

**Viðhorfskönnun um nauðsyn meira aðhalds var gerð meðal almennings í október 2007 og birt í Þjóðarpólssi Gallup.**




Hefur þú orðið mikið eða lítið var/vör við umfjöllun um aðgerðir Samkeppniseftirlitsins á undanförunum mánuðum?

■ Mikið ■ Hvorki né ■ Lítið




Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ertu gagnvart Samkeppniseftirlitinu?

■ Jákvæð(ur) ■ Hvorki né ■ Neikvæð(ur)



Ætti Samkeppniseftirlitið að veita fyrirtækjum meira eða minna aðhald?

■ Meira ■ Óbreitt ■ Minna






# fyrirtæki

## Samkeppniseftirlitið & fyrirtæki

### Stór hluti forsvarsmanna fyrirtækja ber mikið traust til Samkeppniseftirlitsins


Hefur þú orðið mikið eða lítið var/vör við umfjöllun um aðgerðir Samkeppniseftirlitsins á undanförunum mánuðum?

■ Mikið ■ Hvorki né ■ Lítið




Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ertu gagnvart Samkeppniseftirlitinu?

■ Jákvæð(ur) ■ Hvorki né ■ Neikvæð(ur)



Ætti Samkeppniseftirlitið að veita fyrirtækjum meira eða minna aðhald?

■ Meira ■ Óbreitt ■ Minna



Miklu skiptir að fyrirtæki á samkeppnismarkaði, sem starfa eiga samkvæmt samkeppnislögunum, hafi góða þekkingu á þeim, fylgist með túlkun þeirra og bregðist við að eigin frumkvæði ef hætta er á að starfsemi þeirra samræmist ekki lögunum. Að sama skapi skipta viðhorf fyrirtækja til Samkeppniseftirlitsins máli því að vitneskja um störf þess og almennt traust á eftirlitinu eykur varnaðaráhrif þeirra aðgerða sem ráðist er í.

Í nýlegri viðhorfskönnun, sem Samkeppniseftirlitið lét gera á meðal forsvarsmanna fyrirtækja, kemur fram að rúmlega þriðjungur forsvarsmanna fyrirtækja, eða um 36%, taldi sig hafa orðið mikið vara við aðgerðir Samkeppniseftirlitsins á undanförunum mánuðum. Þetta er nokkru hærra hlutfall en úr sömu spurningu sem beint var til almennings en rúmur fjórðungur þeirra hafði orðið mikið var við aðgerðir eftirlitsins. Hafa ber í huga að rúm 45% þeirra forsvarsmanna fyrirtækja, sem svöruðu könnuninni, komu úr litlum fyrirtækjum með undir fimm starfsmönnum. Ekki er óeðlilegt að smærri fyrirtæki verði minna vör við aðgerðir Samkeppniseftirlitsins.


Af þeim forsvarsmönnum, sem fylgst höfðu með aðgerðum Samkeppniseftirlitsins, eru 80% jákvæð í garð þess. Aðeins rúm 10% svarenda eru neikvæð. Þetta er svipuð niðurstaða og fram kom í könnun meðal almennings.

Athyglisvert er að um 63% þeirra, sem þekkjá til Samkeppniseftirlitsins, bera mikið traust til þess en einungis um 17% bera lítið traust til eftirlitsins.

Hins vegar segja 80% forsvarsmanna fyrirtækja að Samkeppniseftirlitið ætti að veita fyrirtækjum meira aðhald. Um 90% almennings svöruðu þessari spurningu á sama veg. Jákvætt er að forsvarsmenn fyrirtækja telja að fylgja þurfi samkeppnislögum eftir af festu. Rétt er að nefna það sem áður er komið fram að 45% svarenda koma úr mjög litlum fyrirtækjum en eðlilegt er að slík fyrirtæki leggi áherslu á að unnt sé að keppa við stærri fyrirtæki. ■

Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Samkeppniseftirlitsins?

■ Mikið ■ Hvorki né ■ Lítið



Viðhorfskönnunin var framkvæmd af Gallup 6. til 27. maí sl. með símakönnun. Í úrtaki voru 1.000 forsvarsmenn fyrirtækja á neytenda- og fyrirtækjamarkaði á landinu öllu. Svarhlutfall var 55,2%.



## Aukin skilvirkni– bætt málsmeðferð


**S**kilvirkni og hröð málsmeðferð eru mikilvægir þættir í árangursríku samkeppniseftirliti. Í öllu starfi Samkeppniseftirlitsins verður að huga að góðu jafnvægi milli skilvirkni og málshraða annars vegar og vandaðrar málsmeðferðar og réttar niðurstöðu máls hins vegar. Markmið Samkeppniseftirlitsins er að taka réttar ákvarðanir á sem stytstum tíma.

Talsvert hefur áunnist í þessum efnunum. Þrátt fyrir að málum hafi fjölgað og umfang aukist hefur tekist að stytta meðallengd málsmeðferðar talsvert. Eins og meðfylgjandi mynd sýnir tóku mál, sem lauk á árinu, styttri tíma að meðaltali en á árinu áður. Miðgildi málsmeðferðartíma sýnir enn fremur að helmingi mála lauk á innan við þremur mánuðum eftir að mál hófst.


Aldurssamsetning mála hefur einnig breyst mikið til batnaðar. Þannig eru 70% mála sem til meðferðar voru í byrjun þessa árs yngri en eins árs, samanborið við 52% árinu áður. Um 11% mála voru nú eldri en tveggja ára, samanborið við 27% árinu áður. Hafa ber í huga í þessu sambandi að mörg þeirra mála sem Samkeppniseftirlitið hefur til rannsóknar eru viðamikil og flókin. Óhjákvæmilegt er að slík mál taki nokkurn tíma. Þessi er einnig raunin hjá samkeppniseftirlitum í löndunum í kringum okkur.

Þá hefur Samkeppniseftirlitið betri stjórn á ráðstöfunartíma sínum en áður. Með breyttum málsmeðferðarreglum hefur eftirlitið betur á valdi sínu hvaða mál eru tekin til meðferðar. Leitast er við að leggja áherslu á þau mál sem mestu máli skipta fyrir samkeppni í landinu. Á síðasta ári ráðstafaði Samkeppniseftirlitið rúmlega helmingi ráðstöfunartíma síns í mál sem hafin voru að frumkvæði eftirlitsins. Stefnt er að því að hækka þetta hlutfall enn frekar. ■


**Meðaltal málsmeðferðartíma mála sem lauk á árinu 2007, sundurliðað eftir málum í heild, málum birtum með ákvörðun á heimasíðu og miðgildi.**



**Aldurssamsetning mála sem til meðferðar voru í byrjun árs 2008, samanborið við mál í byrjun árs 2007**



**Ráðstöfunartími frumkvæðismála vs. önnur málsem unnið var í árið 2007**



# Algengt er að málum sé lokið með sátt

Líður í árangursríku samkeppniseftirliti er að unnt sé að ljúka málum með sátt. Samkeppnisyfirlit er hér á landi hafa allengi gert ráð fyrir þessum möguleika í málsmeðferðarreglum sínum. Með breytingum á samkeppnislögum á síðasta ári var þessi heimild lögfest í því skyni að styrkja heimildina og stuðla að frekara gagnsæi hennar.

Kostir þess að unnt sé að ljúka máli með sátt eru ótvíræðir. Með því gefst tækifæri til að afgangur mál á styttri tíma og gera fyrr en ella breytingar á starfsemi viðkomandi fyrirtækja, neytendum og keppinautum til hagsbóta.

Nokkur nýleg dæmi eru um að málum hafi lokið með sátt. Hér verða fjögur nefnd:


1. Í kjölfar rannsóknar Samkeppniseftirlitsins á hugsanlegum samkeppnislagaþrotum Greiðslumiðlunar hf. (nú Valitor), Kreditkorts hf. (nú Borgun) og Fjölgreiðslumiðlunar hf. gerðu félögin sátt við Samkeppniseftirlitið. Í sáttum þessum fólst að Greiðslumiðlun viðurkenndi að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem beindust að nýjum keppinauti (PBS/Kortþjónustan). Í sáttunum fólst einnig að Greiðslumiðlun og Kreditkort viðurkenndu að hafa haft með sér langvarandi og víðtækt ólöglegt samráð. Tók Fjölgreiðslumiðlun að hluta til þátt í því. Í sátt Fjölgreiðslumiðlunar var einnig viðurkennt að félagið hefði brotið gegn banni samkeppnislaga við samkeppnishömlum samtaka fyrirtækja. Féllust fyrirtækin á að greiða stjórnvaldssektir vegna þessa og breyta starfsemi sinni og háttsemi á markaði. Sekt Greiðslumiðlunar var 385 milljónir króna, sekt Kreditkorts 185 milljónir króna og sekt Fjölgreiðslumiðlunar 165 milljónir króna (ákvörðun nr. 4/2008).

2. Í janúar sl. viðurkenndu Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök verslunar og þjónustu (SVP) að hafa haft um það samvinnu hvernig fyrirtæki innan vébanda samtakanna stóðu að verðbreytingum á forverðmerktum matvælum í tengslum við lækkun á virðisaukaskatti og afnám vörugjalda. Sátt var gerð í málinu sem m.a. fóll í sér greiðslu stjórnvaldssekta, samtals að fjárhæð 3,5 milljónir króna. Í sáttinni fólst einnig að samtökin féllust á að tryggja að innan samtakanna yrði ekki fjallað um eða miðlað upplýsingum um verð, verðþróun, viðskiptakjör og önnur mikilvæg málefni með þeim hætti sem dregið geti úr viðskiptalegu sjálfstæði félagsmanna og raskað samkeppni. Fram kom að samtökin, sem í hlut áttu, væru að vinna að því að setja sér reglur um þetta (ákvörðun nr. 10/2008).

3. Í febrúar 2007 gengust Síminn hf., Landsvirkjun og Fjarski ehf., sem er dótturfélag Landsvirkjunar, undir sátt þar sem þau viðurkenndu að hafa haft með sér ólöglegt samráð í tengslum við kaup Símans

á eignarhlut í Fjarska, og við kaup Símans á sex ljósleiðarastrengjum á milli Hrauneyjarfossstöðvar og Akureyrar. Í upphafi árs 2005 keypti Síminn fjórðungshlut í Fjarska sem starfar m.a. á fjarskiptamarkaði ásamt því að kaupa af Fjarska sex ljósleiðarastrengi af tólf á milli Hrauneyjarfossstöðvar og Akureyrar. Í sáttinni felst að aðilar málsins viðurkenna að hafa farið gegn 10. gr. samkeppnislaga og fallast á að ógilda þá samninga sem voru grundvöllur brota. Þá féllust félögin á að greiða samanlagt 80 milljónir króna í stjórnvaldssekt (ákvörðun nr. 6/2007).

4. Í febrúar á þessu ári tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun um samruna JPV útgáfu ehf. og Vegamóta ehf. (Edda). Viðræður við samrunaaðila leiddu til þess að Forlagið gekkst undir sátt í málinu sem fóll í sér skilyrði sem m.a. fjalla um að Forlagið láti frá sér tiltekin útgáfuréttindi, þ.e. réttindi til að gefa út tiltekna bækur og ritsöfn ásamt birgðum af þessum bókum og ritsöfnum, í því skyni að draga úr markaðsstyrk samrunaaðila gagnvart keppinautum. Þá undirgekkst Forlagið ýmis önnur skilyrði sem ætlað er að efla samkeppni og vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans. Þessi skilyrði voru að mati Samkeppniseftirlitsins nægjanleg til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samrunanum. Var samruninn samþykktur með skilyrðum þessum.



Stjórnvaldssektamál þar sem fyrirtæki hafa undirgengist sátt, í samanburði við heild, á tveimur tímabilum.

Allar framangreindar sáttir leiddu til styttri málsmeðferðar og fólu í sér að viðkomandi fyrirtæki gerðu breytingar á starfsemi sinni, neytendum og/eða keppinautum til hagsbóta. Jafnframt fólu þær í sér fullnægjandi varnaðaráhrif í þeim tilvikum þar sem um var að ræða brot á bannreglum samkeppnislaga.

Með framangreindum málum hefur færst í vöxt að fyrirtæki, sem eru til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu, leiti sátta í málum. Á mynd 15 má sjá þessa þróun. ■

## Samkeppnislög nr. 44/2005

### 17. gr. f

Hafi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja gerst brotleg við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins á grundvelli þeirra er Samkeppniseftirlitinu heimilt, með samþykki málsaðila, að ljúka málinu með sátt. Sama gildir ef um er að ræða samruna sem hindrar virka samkeppni, sbr. 17. gr. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. Samkeppniseftirlitið setur nánari reglur um framkvæmd greinarinnar.



# Undir smásjóni: Fela viðskiptasamningar birgja í sér samkeppnishömlur?

Eftir Steingrím Ægisson sviðsstjóra

**P**ann 20. maí sl. birti Samkeppniseftirlitið skýrslu um viðskiptasamninga birgja og matvöruverslana og annað samstarf fyrirtækja á matvörumarkaði. Aðdragandi skýrslunnar var sá að eftirlitið aflaði og fór yfir fjölda viðskiptasamninga birgja og matvöruverslana og annarra endursöluaðila í því skyni að meta áhrif þeirra á samkeppni á matvörumarkaði. Beindist gagnaöflunin að um 70 birgjum. Felur skýrslan í sér lok þeirrar athugunar.

samningsákvæði geta hugsanlega raskað samkeppni á matvörumarkaði. Hefur Samkeppniseftirlitið beint þeim tilmælum til birgja og matvöruverslana að ganga úr skugga um að samningar þeirra feli ekki í sér samkeppnishindranir.


Samkeppniseftirlitið vekur einnig athygli á því í skýrslunni að verð á matvörum er að jafnaði 64% hærra á Íslandi en að meðaltali í ESB-ríkjum. Þá bendir könnun Samkeppniseftirlitsins til þess að forverðmerkingar birgja á matvörum takmarki verðsamkeppni milli matvöruverslana. Verðmunur á þessum vörum milli verslana er margfalt minni en eðlislíkra vara sem ekki eru forverðmerktar.

Í skýrslunni er einnig fjallað um hagsmunagæslu samtaka fyrirtækja á matvörumarkaði og veittar leiðbeiningar um hvers konar hagsmunagæsla og samvinna innan samtaka fyrirtækja geti farið gegn samkeppnislögum. Er því beint til samtaka fyrirtækja, sem tengjast matvörumarkaði, að hafa hliðsjón af þessu. Með því móti geta samtök fyrirtækja haft frumkvæði að því að uppræta hugsanlegar samkeppnishömlur.

## 1. Verðlag á Íslandi samanborið við aðrar þjóðir

Í desember árið 2005 gáfu samkeppnisyfirkvöld á Norðurlöndum út skýrsluna Nordic food markets – a taste for competition. Í skýrslunni var birtur samanburður á verðlagi í þeim 15 löndum Evrópusambandsins sem voru aðilar að sambandinu fyrir árið 2004 auk Íslands og Noregs. Nýjar upplýsingar gefa færi á að kanna hver þróunin hefur verið frá því að umrædd skýrsla kom út.

Verðupplýsingar, sem komu fram í umræddri skýrslu, eru frá árinu 2003 og eru birtar í mynd 1



Mynd 1: Samanburður á verðlagi á Íslandi og öðrum Evrópulöndum árin 2003 og 2006.

Meginniðurstaðan er sú að allmargir samningar birgja og matvöruverslana fela í sér ákvæði sem kunna að raska samkeppni neytendum til tjóns. Er í skýrslunni vakin athygli á nokkrum atriðum í samningum sem geta falið í sér samkeppnishindranir og gefnar leiðbeiningar um það hvers konar

auk sambærilegra upplýsinga fyrir sömu lönd frá árinu 2006. Á mynd 1 er tilgreint verðlag á mat- og drykkjarvöru í þessum 17 löndum í Evrópu þegar meðaltalsverðlag í ESB löndunum er gefið gildið 100. Tekið skal fram hvað varðar gildin í myndinni að árið 2003 var meðaltalið (100) miðað við þau 15 lönd sem þá voru í Evrópusambandinu, þ.e. öll lönd sem nefnd eru hér til hliðar að Íslandi og Noregi undanskildu. Meðaltalið fyrir árið 2006 er hins vegar fyrir þau 27 lönd sem þá voru aðilar að sambandinu.

Eins og fram kemur á mynd 1 var gildið árið 2006 fyrir Ísland 164 sem þýðir að verðlag á mat- og drykkjarvöru var að jafnaði 64% hærra en það var að meðaltali í ESB-ríkjunum. Jafnframt er ljóst að þá ályktun má draga að verð á Íslandi á mat- og drykkjarvöru sé það hæsta í Evrópu og á það reyndar við um bæði viðmiðunarárin. Verðlagið hér á landi er aðeins hærra en í Noregi en þessi tvö lönd skera sig nokkuð úr hvað hátt verðlag á matvörum áhrærir. Þessi tvö lönd eiga það, sem kunnugt er, sameiginlegt að standa utan Evrópusambandsins, auk þess sem sambærilegar reglur gilda í löndunum um innflutning á landbúnaðarafurðum. Af upplýsingunum, sem fram koma í á myndinni, má ráða að hlutfallslegur munur á verði á mat- og drykkjarvöru milli Íslands annars vegar og hinna Norðurlandanna hins vegar hafi aukist nokkuð frá því sem hann var árið 2003.

Í norrænu skýrslunni var einnig m.a. birt línurit sem sýndi verðþróun í gömlu ESB-ríkjunum (EU-15) annars vegar og Norðurlöndunum hins vegar frá árinu 1999 til ársins 2004. Í fylgiskjali með fréttatilkynningu Samkeppniseftirlitsins, sem gefin var út í tilefni af útgáfu norrænu skýrslunnar, var sú mynd birt ásamt verðþróun á sama tímabili hér á landi. Myndin er einnig birt hér til hliðar þar sem búið er að bæta við árunum 2005, 2006 og 2007. Hér er einnig miðað við gömlu ESB-ríkin (EU-15) til að samanburðurinn við fyrri ár sé marktækur.

Mynd 2 sýnir að frá árinu 2004 hafa orðið miklar sveiflur í verði á mat- og drykkjarvöru hér á landi. Á milli áruna 2004 og 2005 lækkaði verð um u.þ.b. 3% en hækkaði hins vegar umtalsvert á árinu 2006, eða um u.þ.b. 9%. Á árinu 2007 lækkaði verð hins vegar aftur sem má trúlega að miklu leyti rekja til lækkunar á virðisaukaskatti þann 1. mars 2007. Eins og komið hefur opinberlega fram hefur sú verðlækkun þó að mestu gengið til baka nú rúmu ári eftir að umrædd skattalækkun var gerð. Verðhækkun á matvælum er þó ekki eingöngu bundin við Ísland en sem kunnugt er hefur heimsmarkaðsverð í mörgum flokkum matvöru hækkað umtalsvert á undanförunum mánuðum. Þá ber að hafa í huga að gengisþróun íslensku krónunnar hefur áhrif á verðþróun á matvöru hér á landi. Hvað varðar hin Norðurlöndin og gömlu Evrópusambandsríkin er ljóst að verð á mat- og drykkjarvöru hefur einnig hækkað nokkuð á liðnum árum og má segja að í heild sé sú hækkun svipuð og hér á landi en þó ekki eins sveiflukennd.

Af framansögðu er ljóst að verðlag á matvörum


í EES-ríkjum er hvergi hærra en á Íslandi. Þess vegna er afar brýnt að gripið verði til ráðstafana í því skyni að efla samkeppni og lækka verð til íslenskra neytenda á þessum nauðsynjavörum. Er nauðsynlegt að bæði stjórnvöld, fyrirtæki og neytendur vinni

## Meginniðurstaðan er sú að allmargir samningar birgja og matvöruverslana fela í sér ákvæði sem kunna að raska samkeppni neytendum til tjóns.

að þessu markmiði. Samkeppniseftirlitið er með í undirbúningi álit til landbúnaðarráðherra vegna innflutningshamlana á landbúnaðarvörum. Þá mun Samkeppniseftirlitið í sérstökum stjórnisýslumálum taka afstöðu til þess hvort skilyrði séu fyrir því að beita ákvæðum samkeppnislaga til þess að draga úr samkeppnishömlum og þar með efla samkeppni til lengri tíma litið, sbr. nánar hér á eftir.

## 2. Samningar birgja og matvöruverslana

Eins og áður segir hefur Samkeppniseftirlitið farið yfir fjölda viðskiptasamninga birgja og matvöruverslana í því skyni að meta áhrif þeirra á samkeppni á matvörumarkaði. Það er niðurstaða eftirlitsins að aflokinni þeirri vinnu að allmargir samningar þessara aðila feli í sér ákvæði sem kunni að raska samkeppni og geti með því farið gegn samkeppnislögum og leiðbeinandi reglum um viðskipti birgja og matvöruverslana sem samkeppnisyfirvöld gáfu út í desember 2002. Í skýrslunni tekur Samkeppniseftirlitið ekki afstöðu til þess hvort samningar einstakra fyrirtækja brjóti gegn



Mynd 2: Verðþróun á mat- og drykkjarvörum í ESB-löndunum (EU-15), Norðurlöndunum og á Íslandi frá árinu 1999 til og með ársins 2007.

bannákvæðum samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið fylgir þessari skýrslu hins vegar eftir með sérstökum stjórnisýslumálum þar sem kannað er hvort tiltekin fyrirtæki hafi brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Slík mál eru þegar hafin og fleiri eru fyrirhuguð.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins er hins vegar vakin athygli á nokkrum atriðum í samningum sem hér koma til álita og gefnar leiðbeiningar um það hvers konar samningsákvæði geta hugsanlega raskað samkeppni á matvörumarkaði. Á grundvelli þessa er

fyrirtækjum gert betur kleift að leggja mat á lögmæti samninga sinna. Hefur Samkeppniseftirlitið beint þeim tilmælum til birgja, matvöruverslana og annarra endursöluaðila að yfirfara samninga sína með það í huga að ganga úr skugga um að ákvæði þeirra hindri ekki samkeppni og fari ekki í bága við samkeppnislög. Ef í gildi eru samkeppnishamlandi samningar er afar brýnt að allir birgjar og matvöruverslanir grípi þegar til ráðstafana til þess að fella úr gildi samningsákvæði sem líkleg eru til þess að skaða samkeppni og þar með neytendur. Slíkt frumkvæði af hálfu fyrirtækja hefur þá þegar jákvæð áhrif á samkeppni og hag neytenda á matvörumarkaði. Er þetta mikilvægt í ljósi þeirra aðstæðna sem nú ríkja á þeim markaði. Helstu atriði samninganna, sem til álita koma, eru þessi:

## 2.1 Forverðmerkingar birgja fyrir matvöruverslanir – leiðbeinandi smásöluverð

Algengt er að matvörur séu verðmerktar fyrirfram af framleiðendum með svokölluðu leiðbeinandi smásöluverði og getur þetta verið hluti af samningssambandi viðkomandi aðila. Þær matvörur,

**Tafla 1:** Vöruflokkar þar sem kannað var verð á matvörum sem birgjar verðmerkja fyrir matvöruverslanir. Meðalverði í lágvöruverðsverslunum er gefið gildið 100.

Vöruflokkur	Lágvöruverðs- verslanir <sup>1</sup>	Stór- markaðir <sup>2</sup>	Klukkubúðir <sup>3</sup>
Ostar í bitum og sneiðum	100	102	106
Nautakjöt	100	101	103
Kjúklingur	100	101	103
Álegg	100	103	106
Pylsur	100	101	101
Kjötubúðingar, bjúgu og farsvörur	100	105	105
Kæfur	100	104	104
Slátur	100	101	101
Unnar kjötvörur í bökkum	100	102	102
Tilbúnir ferskir réttir – 1944	100	102	102
Lax	100	100	100

Vöruflokkur	Lágvöruverðs- verslanir <sup>1</sup>	Stór- markaðir <sup>2</sup>	Klukkubúðir <sup>3</sup>
Unnir ostar	100	132	147
Mjólkurvörur og egg	100	114	130
Ávextir og grænmeti	100	141	147
Sósar og olíur	100	134	169
Ýmsar þurrvörur	100	149	174
Sælgæti og snakk	100	131	143
Gosdrykkir, öl og safar	100	125	149
Hreinlætis- og snyrtivörur	100	146	163

**Tafla 2:** Vöruflokkar þar sem kannað var verð á matvörum sem matvöruverslanir verðmerkja sjálfar. Meðalverði í lágvöruverðsverslunum er gefið gildið 100.

sem hér um ræðir, eru aðallega unnar kjötvörur, s.s. álegg, kryddlegið kjöt og pylsur, auk ákveðinna tegunda af ostum. Jafnframt er eitthvað um að lítt unnar kjötvörur (aðallega frystar), fiskmeti, egg og pakkað grænmeti og ávextir séu verðmerktar með leiðbeinandi smásöluverði. Verðmerking þessara

vara fer þannig fram að um leið og þær eru vigtaðar og þeim pakkað eru þær verðmerktar í samræmi við þyngd pakkinganna. Vörur, sem verðmerktar eru á þennan hátt, eru því boðnar á sama smásöluverði í öllum verslunum nema verslanirnar auglýsi sjálfar afslátt frá hinu leiðbeinandi verði.

Til að kanna samkeppnisleg áhrif forverðmerkinga birgja gerði Samkeppniseftirlitið verðkönnun seinni hluta aprílmánaðar s.l. í 13 matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu þar sem kannað var verð á tilteknum flokkum forverðmerktra matvara annars vegar auk annarra algengra matvörutegunda hins vegar sem ekki eru fyrirfram verðmerktar. Í töflu 1 eru birtar upplýsingar sem unnar hafa verið úr könnuninni að því er forverðmerktar vörur varðar. Í töflu 2 eru hins vegar upplýsingar um vörur sem ekki eru verðmerktar með slíkum hætti. Í töflunum er meðalverði í lágvöruverðsverslunum gefið gildið 100 og meðalverði í stórmörkuðum og klukkubúðum gildi sem nemur frávikum frá meðalverðinu í lágvöruverðsverslunum.

Eins og sjá má af töflunum leiddi könnunin í ljós að verðmunur á þeim vörum, sem eru forverðmerktar af birgjum, er mun minni en í tilvikum þeirra mat- og dagvara sem verslanir verðmerkja sjálfar. Þannig eru verð á forverðmerktum vörum að jafnaði 0-6% hærra í stórmörkuðum og klukkubúðum en í lágvöruverðsverslunum, samanborið við 30-60% verðmun milli sömu búða á vörum sem matvöruverslanir verðmerkja sjálfar. Við gerð könnunarinnar var tekið tillit til afsláttar sem stundum er gefinn frá hinu leiðbeinandi verði. Vörur, sem sérmerktar eru tilteknum verslunum, voru ekki hluti af könnuninni.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að þessar niðurstöður veiti vísbendingu um það að forverðmerkingar birgja takmarki verðsamkeppni á milli matvöruverslana. Þessi framkvæmd á verðmerkingum virðist í flestum tilvikum hafa þau áhrif að matvöruverslanir selji slíkar vörur á hinu leiðbeinandi verði. Í þeim tilvikum, sem um frávik er að ræða frá hinu leiðbeinandi verði, er það tiltölulega lítið og gjarnan það sama milli verslana.

Framangreind verðathugun er liður í rannsókn á áhrifum forverðmerkinga. Niðurstöður þær, sem hér er lýst, gefa til kynna að full þörf sé frekari aðgerða, þ.e. að rannsakað verði í sérstöku stjórnsýslumáli hvort tilteknir aðilar hafi gerst sekir um brot á samkeppnislögum með forverðmerkingum. Í skýrslunni er því beint til framleiðenda og matvöruverslana að taka forverðmerkingu matvara til ítarlegrar skoðunar með það í huga að tryggja að samkeppni sé ekki hindruð með þeim.

<sup>1</sup> Um er að ræða Bónus, Krónuna, Nettó og Kaskó.

<sup>2</sup> Um er að ræða Hagkaup, Nóatún, Fjarðarkaup, Samkaup-Úrval, Miðbúðina og Sparverslun.

<sup>3</sup> Um er að ræða 10-11, 11-11 og Samkaup-Strax.

## 2.2 Samningsákvæði um einkakaup og tryggðarafslætti

Allnokkur fjöldi samninga, sem aflað var frá birgjum, inniheldur ákvæði um einkakaup og/eða tryggðarafslætti. Með einkakaupum er átt við ákvæði þar sem gerð er krafa um að viðkomandi verslun kaupi a.m.k. 60-80% af tilteknum vörum frá birgi. Með tryggðarafsláttum er hins vegar átt við afslætti eða önnur viðskiptakjör sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að keppinautar þess birgis, sem að samningi stendur, eru útilokaðir eða hindraðir í því að eiga viðskipti við viðkomandi verslun. Dæmi um tryggðarafslætti eru t.a.m. svokallaðir eftirágreiddir afslættir. Nefna má dæmi um ákvæði af þessum toga í samningum sem Samkeppniseftirlitið hefur undir höndum:

- *Birgir skuldbindur endurseljanda til að selja aðeins vörur frá birginum og gert er ráð fyrir skaðabótum í samningi ef endurseljandinn kaupir sams konar vöru af keppinauti birgisins.*
- *Birgir skuldbindur endurseljanda að kaupa vörur frá tilteknum erlendum framleiðanda aðeins af birginum.*
- *Birgir skuldbindur sig til að greiða endurseljanda eftirágreiddan afslátt sem fer stighækkandi eftir því sem endurseljandi kaupir meira af birginum.*
- *Endurseljandi er skuldbundinn til að greina birgi frá því ef hann fær hagstæðara tilboð frá keppinauti birgisins til að gefa birginum tækifæri til að jafna það boð.*

Samningar af þessum toga geta farið gegn banni samkeppnislaga við samkeppnishamlandi samráði og/eða við banni við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkeppniseftirlitið hefur þegar hafið athuganir á því hvort einkakaupaákvæði sem og önnur tryggðarákvæði í samningum birgja, sem aflað var, fari gegn samkeppnislögum. Getu slíkir samningar haldið keppinautum frá markaði og hækkað verð. Samkeppniseftirlitið hefur því beint því til birgja og matvöruverslana að tryggja að í samningum þeirra felist ekki samkeppnishamlandi einkakaup. Ef slík ákvæði er að finna í samningum geta viðkomandi fyrirtæki með frumkvæðisaðgerðum fyrr skapað skilyrði fyrir aukinni samkeppni.

## 2.3 Ákvæði um að endurseljandi hefji ekki sjálfstæðan innflutning á samningsvöru

Í mörgum af þeim samningum, sem aflað hefur verið frá birgjum, eru ákvæði þar sem beinlínis er kveðið á um að viðkomandi matvöruverslun flytji ekki inn eða kaupi ekki frá öðrum þær vörur, sem viðkomandi birgir er með á boðstólum, eða ákvæði þar sem birgirnir hefur ávallt kost á að bjóða betur ef matvöruverslun bjóðast betri kjör erlendis frá. Nefna má dæmi um ákvæði af þessum toga í samningum sem Samkeppniseftirlitið hefur undir höndum:

- *Tekið er fram að kaupanda sé óheimilt að flytja samhliða inn vörur seljanda frá öðrum erlendum birgjum. Ef kaupandi getur fengið viðkomandi vörur á lægra verði skuldbindur hann sig til þess að gera seljanda kleift að bjóða betur. Takist seljanda það skuldbindur kaupandi sig til þess að hefja ekki þennan innflutning.*

- *Kaupandi skuldbindur sig til þess að hefja ekki innflutning nema að undangengnum viðræðum við seljanda.*
- *Kaupandi missir allan afslátt og markaðsstuðning ef hann hefur innflutning í samkeppni við seljanda.*

Samningsákvæði af þessum toga geta verið samkeppnis-hamlandi. Þannig geta tilraunir til þess að hamlu með óeðlilegum hætti samhliða innflutningi á vörum falið í sér brot á samkeppnislögum. Ef samningur skuldbindur endurseljanda til hefja ekki innflutning á vörum sem birgir

## Hefur Samkeppniseftirlitið beint þeim tilmælum til birgja og matvöruverslana að ganga úr skugga um að samninga þeirra feli ekki í sér samkeppnishindranir.

hefur umboð fyrir getur í reynd falist í honum skuldbinding um að endurseljandi hefji ekki samkeppni við birginn í innflutningi og heildsölu á þessum vörum. Rök geta staðið til þess að líta á þetta sem ólögmeða markaðsskiptingu. Án tillits til niðurstöðu stjórnisýslumála gagnvart einstökum fyrirtækjum hefur Samkeppniseftirlitið beint því til birgja og matvöruverslana að tryggja að í samningum þeirra felist ekki samkeppnishamlandi takmarkanir á innflutningi á dagvörum.

## 2.4 Leiðbeinandi reglum ekki fylgt

Ljóst er af samningum sem aflað var frá birgjum að þeir greiða verslunum fyrir markaðsstarf, þ.e. auglýsingar í sölubæklingum, kynningum o.s.frv. Alla jafna er ekki kveðið á um það í samningum hvernig staðið er að hilluuppröðun og framstillingu. Þó er ljóst að birgjar greiða fyrir framstillingu og ekki er óalgengt að birgjar greiði sérstaklega fyrir það að nýjar vörur séu teknar í sölu. Gerð er grein fyrir því í skýrslu Samkeppniseftirlitsins að ákvæði af þessum toga geti undir vissum kringumstæðum farið gegn samkeppnislögum.

Í desember 2002 gáfu samkeppnisyfirvöld út leiðbeinandi reglur um viðskipti birgja og matvöruverslana. Reglurnar höfðu þann tilgang að vera þeim, sem á matvörumarkaðnum starfa, leiðbeining um það hvers konar háttsemi og hegðun væri í samræmi við góða samkeppnis- og viðskiptahætti og þá um leið hvað kynni að fara gegn samkeppnislögum. Athugun Samkeppniseftirlitsins gefur til kynna að þessum leiðbeinandi reglum sé ekki að öllu leyti fylgt. Nefna má t.d. að af þeim birgjum, sem aflað var upplýsinga frá, eru u.þ.b. 40% sem ekki gera skriflega samninga við endursöluaðila. Þetta vekur athygli því í 2. gr. í umræddum reglum um viðskipti birgja og matvöruverslana segir að skilmálar í viðskiptasamningum skuli vera skriflegir og að þar skuli tilgreina þá vöruflokka sem viðskiptin taki til. Á sama hátt er misbrestur á því að 2. gr. hinna leiðbeinandi reglna hafi verið fylgt en þar segir að í samningum skuli kveðið á um gildistíma og uppsagnarákvæði, viðskiptakjör, greiðslufrest, fyrirkomulag markaðs- og kynningarsamstarfs og hilluuppröðunar og framstillingu á vörum í verslunum. ■

# axli

## Hagsmunasamtök fyrirtækja verða að axla ábyrgð í samkeppnismálum

**S**amkeppniseftirlitið hefur markað sér þá stefnu að fylgjast vel með starfsemi hagsmunasamtaka fyrirtækja. Í 12. gr. samkeppnislaga er sérstakt bann lagt við því að samtök fyrirtækja ákveði samkeppnishömlur eða hvetji til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir skv. 16.-18. gr. laganna.

Óumdeilt er að starfsemi samtaka fyrirtækja getur verið gagnleg og haft jákvæð áhrif á mörkuðum, t.d. hagsmunagæsla gagnvart stjórnvöldum í því skyni að bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja. Hins vegar getur samvinna fyrirtækja innan slíkra samtaka verið viðkvæm í samkeppnislögu tilliti. Á þetta ekki síst ef keppinautar í tiltekinni atvinnugrein hittast reglubundið og fjalla um málefni sem áhrif geta haft á samkeppni milli þeirra. Getur slíkt skapað

skilyrði fyrir samvinnu og gagnkvæmt tillit milli viðkomandi fyrirtækja sem dregið getur úr hvata til samkeppni. Er þetta sérstaklega varhugavert þegar fáir keppinautar eru starfandi í viðkomandi atvinnugrein. Á fákeppnismarkaði er nánast hvers konar viðskiptalegt samstarf keppinauta til þess fallið að raska samkeppni. Ber og að hafa í að þekkt er í samkeppnisrétti að samtök fyrirtækja geta verið skálkaskjól fyrir ólögmeitt samráð milli keppinauta.

Á síðustu mánuðum hafa nokkur mál komið til kasta Samkeppniseftirlitsins sem varða samtök fyrirtækja.

Í janúar sl. viðurkenndu Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök verslunar og þjónustu (SVP) að hafa haft um það samvinnu hvernig fyrirtæki innan vébanda samtakanna stóðu að verðbreytingum á forverðmerktum matvælum í tengslum við lækkun á virðisaukaskatti og afnám vörugjalda sem gildi tók þann 1. mars. 2007. Viðurkenndu bæði samtökin að á vettvangi þeirra hafi verið ákveðið hvernig standa skyldi að verðbreytingu í tengslum við þessa lækkun skatta vegna vara sem verðmerktar eru hjá framleiðendum um leið og þeim er pakkað. Í því sambandi hafi verið ákveðið hvernig tilteknu tekjutapi yrði skipt á milli viðkomandi félagsmanna samtakanna. Sátt var gerð í málinu sem m.a. fól í sér greiðslu stjórnvaldssekta, samtals að fjárhæð 3,5 milljónir króna. Í sama mánuði viðurkenndi Fjölgreiðslumiðlun hf., sem eru samtök fyrirtækja á fjármálamarkaði, að hafa brotið gegn samkeppnislögum og féllst á að greiða 165 milljónir króna í sekt vegna brotanna.

Í mars 2007 gerði Samkeppniseftirlitið húsleit hjá Samtökum í ferðaþjónustu (SAF) vegna rökstudds gruns um að á vettvangi samtakanna hafi átt sér stað ólögmeitt samráð. Rannsókn þess máls stendur enn yfir.

Í mars á þessu ári sá Samkeppniseftirlitið ástæðu til þess að birta sérstaka fréttatilkynningu í tilefni af opinberri umfjöllun forsvarsmanna fyrirtækja og á vettvangi hagsmunasamtaka um verðhækkanir á matvörum. Í tilkynningunni er það brýnt fyrir forsvarsmönnum fyrirtækja og samtaka fyrirtækja að gæta þess sérstaklega að opinber umfjöllun af þeirra hálfu feli ekki í sér beina eða óbeina hvatningu til verðhækkana á viðkomandi markaði. Slíkt háttsemi







sé til þess fallin að valda neytendum og atvinnulífínu tjóni.

Á sama tíma hóf Samkeppniseftirlitið einnig athugun á því hvort tiltekin samtök fyrirtækja, sem starfa á matvörumarkaði hefðu gengið of langt í hagsmunagæslu sinni og brotið þar með gegn ákvæðum samkeppnislaga. Fram hefur komið opinberlega að um er að ræða Bændasamtök Íslands og einstök búnaðar- og búgreinasamtök. Einnig er um að ræða Félag íslenskra stórkaupmanna. Rannsókn á þessum aðilum er ekki lokið og ekkert liggur fyrir um hvort þeir hafi með aðgerðum sínum brotið gegn samkeppnislögum.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins um viðskipta-samninga birgja og annað samstarf fyrirtækja á matvörumarkaði, frá 20. maí á þessu ári, er sérstaklega fjallað um samstarf hagsmunasamtaka fyrirtækja á matvörumarkaði. Fjallað er ítarlega um túlkun og þýðingu 12. gr samkeppnislaga. Er vakin á því athygli að margvíslegar aðgerðir samtaka fyrirtækja, s.s. tilmæli, ráðleggingar eða upplýsingagjöf, geti fallið undir 12. gr. samkeppnislaga ef þessar aðgerðir hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni eða henni raskað.

Í skýrslunni er vakin athygli á því að eftirfarandi umfjöllun eða samvinna innan samtaka fyrirtækja getur farið gegn 12., sbr. 10. gr. samkeppnislaga. Þessi upptalning er ekki tæmandi:

- *Ákvörðun eða önnur umfjöllun gjaldskrá eða „eðlilega“ verðlagningu aðildarféлага.*
- *Ákvarðanir eða önnur umfjöllun um að hækka verð, lækka verð eða halda verði óbreyttu.*
- *Samræming á eða önnur umfjöllun um hvers konar viðskiptaskilmála sem gilda gagnvart viðskiptavinum aðildarfyrirtækja.*

- *Umfjöllun eða umræður um að aðildarfyrirtæki eigi ekki viðskipti við tiltekna aðila.*
- *Umfjöllun eða umræður um verð, verðþróun, viðskiptakjör, verðbreytingar á aðföngum og öðrum kostnaðarliðum.*
- *Umfjöllun eða umræður um rekstrar-, efnahags- og viðskiptalega stöðu keppinauta eða viðskiptavina aðildarfélaganna.*
- *Upplýsingaskipti eða upplýsingamiðlun um verð, kostnað eða kostnaðaruppbyggingu, kostnaðarhækkunar, viðskiptavini, framboð og söluskilmála.*
- *Opinbert fyrirsvar varðandi verðlagningu eða þjónustu aðildarfyrirtækja. Tekur þetta m.a. til umræðu á opinberum vettvangi um verð og verðbreytingar aðildarfyrirtækja. Þátttaka í almennri umfjöllun um viðkomandi atvinnugrein í fjölmiðlum, í fræðslu- og upplýsingaskyni, fellur hér ekki undir.*
- *Hagsmunagæsla sem lýtur að málarekstri fyrir stjórnvöldum varðandi hvort keppinautar aðildarféлага uppfylli ákvæði laga eða stjórnvaldsreglna.*

Framangreind atriði eiga almennt við um starfsemi hagsmunasamtaka fyrirtækja óháð þeirri atvinnustarfsemi sem í hlut á. Afar brýnt er að hagsmunasamtök fyrirtækja tryggi með öllum tiltækum ráðum að starf á vettvangi feli ekki í sér ólögmetar samkeppnishindranir. Liður í slíkri viðleitni er að samtök setji sér innri reglur sem stuðli að því að starfsemi á vettvangi þeirra sé samþýðanleg samkeppnislögum. Með því móti geta samtök fyrirtækja haft frumkvæði að því að uppræta hugsanlegar samkeppnishömlur. ■



## Bótaréttur tjónþola

– mikilvægt úrræði í samkeppnisrétti

Eftir Hafðísi Ólafsdóttur aðallögfræðing

**M**ikilvægt er að fyrirtæki, sem brotleg gerast við samkeppnislög og vinna með því viðskiptavinum, keppinautum eða neytendum tjón, geta átt von á að þurfa að bæta slíkt tjón, án tillits til þeirra viðurlaga sem stjórnvöld kunna að grípa til, þ.e. stjórnvaldssekta samkeppnisyfirvalda og eftir atvikum refsiviðurlaga.

Mikil umræða hefur orðið um bótarétt tjónþola í samkeppnismálum í framhaldi af því að samkeppnisyfirvöld upprættu víðtækt samráð íslensku olíufélaganna, Kers hf. (áður Olíufélagið hf.), Olíuverslunar Íslands hf. (Olís) og Skeljungs hf., en málið var endanlega til lykta leitt af hálfu samkeppnisyfirvalda með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004 þann 29. janúar 2005. Nýlega hafa tveir dómur

fallið í Hæstarétti Íslands sem skapa mikilvæg fordæmi í íslenskum rétti.

Annað málið sneri að bótarétti neytenda en í febrúar 2007 voru einstaklingi, Sigurði Hreinssyni, dæmdar skaðabætur úr hendi Kers hf. í Héraðsdómi Reykjavíkur. Skaðabæturnar voru dæmdar vegna tjóns sem Sigurður taldi sig hafa orðið fyrir við kaup á bensíni vegna ólögmeats verðsamráðs Kers, Olís og Skeljungs. Hæstiréttur staðfesti síðan niðurstöðu héraðsdóms um fjárhæð skaðabótanna með dómi sínum þann 30. apríl 2008, þ.e. 15.000 kr. með vöxtum og dráttarvöxtum í samræmi við dómskröfur.

Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti var einungis tekist á um kröfu Sigurðar um að skaðabætur yrðu ákveðnar

að álitum. Í dóminum sagði að ágreiningslaust væri að með samráðinu hefði Ker brotið gegn 10. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993. Af gögnum málsins væri ljóst að samráðið hefði meðal annars tekið til verðlagningar á bensíni. Ker hefði ekkert fært fram í málinu sem staðið gæti í vegi þeirri ályktun að tilgangur samráðsins hefði verið að hækka tekjur félagsins með því að selja bensín á hærra verði en annars hefði verið. Þá hafi Keri ekki tekist að sýna fram á að slíkur ágóði hefði ekki í reynd hlotist af samráðinu. Hér var því sönnunarbýrðin lögð á Ker og brot gegn 10. gr. eldri samkeppnislaga lögð til grundvallar.

Aðeins rúmum tveimur mánuðum áður hafði Hæstiréttur dæmt olúfélögin Þrjú, Ker, Skeljung og Olís, til að greiða tæpar 73 milljónir króna í bætur til Reykjavíkurborgar vegna tjóns sem borgin varð fyrir vegna ólögmæts samráðs olúfélaganna við útboðsgerð 1993, 1996 og 2001 og einnig til að greiða Strætó bs. tæpar 6 milljónir króna í bætur.

Framangreindir dómur Hæstaréttar skapa mikilvæg fordæmi í málum af þessu tagi. Dómarnir eru einnig athygliverðir í evrópsku samhengi. Þann 3. apríl 2008 gaf framkvæmdastjórn EB út Hvítbók um bætur í skaðabótamálum vegna brota á samkeppnisreglum Rómarsamningsins. Þar er lagt upp með að einstaklingar og fyrirtæki, sem verða fyrir tjóni sem afleiðingu af broti á samkeppnisreglunum, verði að geta krafist bóta af þeim aðilum sem tjóninu ollu. Dómstóll EB hefur staðfest að þessi réttur tjónþola til skaðabóta sé tryggður í EB-rétti. Í Hvítbókinni er m.a. gert ráð fyrir að félagasamtök og stéttarfélög, viðurkennd af hinu opinbera, geti höfðað mál fyrir félagsmenn sína. Annars er gert ráð fyrir að tjónþolar geti verið jafnt einstaklingar sem lögaðilar og að um hvers konar brot geti verið að ræða á ákvæðum 81. og 82. gr. Rómarsamningsins sem leggja bann við ólögmætu samráði og misnotkun á markaðsráðandi stöðu á öllum sviðum efnahagslífsins. Í Hvítbókinni eru álitaeftin mörg. Þau álitaeftin, sem miklu skiptir að lausn finnist á til að unnt sé að framfylgja markmiðum hennar, eru hvort niðurstöður yfirvalda í einu ríki geti verið bindandi í öðrum (e. binding effect of national competition authorities, NCAs), að aðgangur að sönnunargögnum verði tryggður (e. access to evidence) og að samræmdar reglur og viðmið um kostnað við málsóknir verði settar með áherslu á áttir (e. costs of damages actions).

Neytendasamtökin hafa beitt sér talsvert í þessum málum hér á landi. Nýverið ítrekuðu samtökin ósk sína til dómsmálaráðherra um að hann beitti sér fyrir því að samið verði frumvarp um hóp málsókn. Í bréfi til ráðherra var m.a. minnst á að víðast á Norðurlöndum væru nú þegar fyrir hendi slík lög og að á vettvangi Evrópusambandsins væri einnig mikil umræða um nauðsyn slíkrar lagasetningar. Í bréfi



samtakanna kom einnig fram að þau hefðu á sínum tíma leitað til almennings um að þeir sem ættu fullnægjandi gögn um viðskipti sín við olúfélögin fyrir það tímabil sem samráð þeirra stóð yfir, myndu koma þeim til samtakanna. Á annað hundrað neytendur hafi orðið við beiðninni. Einfaldast hefði því verið að Neytendasamtökin hefðu farið í skaðabótamál fyrir allan hópinn en til þess hafi skort lagaheimild um hóp málsókn. Því hefðu samtökin valið úr eitt mál sem prófmál sem vannst svo í lok apríl fyrir Hæstarétti og hér hefur verið greint frá.

Þess ber að geta að í Noregi er að finna ákvæði um hóp málsókn (n. gruppesøksmål, e. class action) í nýjum lögum, þ.e. í Tvisteloven nr. 90 frá 17. júní 2005. Ekki hefur enn reynt á ákvæði laganna fyrir dómi.

Samkeppniseftirlitið tekur undir með Neytendasamtökunum um mikilvægi þess að grundvöllur verði skapaður til svokallaðra hóp málsókna í íslensku réttarfari. Jafnframt er mikilvægt að íslensk stjórnvöld fylgist vel með fyrrgreindri umræðu um þessi mál á vettvangi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. ■

# Stiklað á stóru 2007

## Janúar

**31. janúar** – SE kallar eftir liðsinni fyrirtækja og einstaklinga við að upplýsa um samkeppnishömlur á matvörumarkaði. Aðgerðir SE á matvörumarkaði kynntar.

## Febrúar

**8. febrúar** – Hæstiréttur staðfestir dóm héraðsdóms í máli Rannsóknarstofunnar í Mjódd sf. Með því var staðfest sú niðurstaða samkeppnisfirvalda að ekki væru lagaskilyrði fyrir því að grípa til aðgerða á grundvelli samkeppnislaga gegn tilteknum aðgerðum heilbrigðisfirvalda.

**16. febrúar** – Héraðsdómur Reykjavíkur dæmir Sigurði Hreinssyni skaðabætur úr hendi olíufélöganna vegna tjóns sem hann varð fyrir í formi hærra bensínsverðs vegna olíusamráðsins. Dómurinn var síðar staðfestur af Hæstarétti.

**19. febrúar** – Síminn og Landsvirkjun sektuð um samanlagt 80 milljónir króna. Fyrirtækin og Fjarski ehf., dótturfélag Landsvirkjunar, gera sátt við SE og viðurkenna að hafa haft með sér ólöglegt samráð (ákv. nr. 6/2007).

## Mars

**1. mars** – Ný lög, sem fela í sér m.a. virðisaukaskattslækkun á matvöru og lækkun á vörugjöldum á matvæli, taka gildi.

**2. mars** – SE gerir húsleit hjá Samtökum ferðaþjónustunnar og þremur ferðaskrifstofum.

**14. mars** – SE gerir húsleit hjá Fjölgreiðslumiðlun í tengslum við rannsókn á fyrirtækjum á greiðslukortamarkaði sem hófst á miðju ári 2006.

**17. mars** – Breyting á samkeppnislögum er samþykkt á Alþingi. Breytingarnar fela m.a. í sér að ákvæði laganna um refsiafbýrgð einstaklinga er afmörkuð nánar, verkaskipting SE og lögreglufirvalda skýrð og styrkari stöðum skotið undir heimildir SE til að fella niður eða lækka sektir þegar fyrirtæki upplýsa um brot eða liðsinna SE við rannsókn mála. Enn fremur er SE nú heimilt til að kæra ekki til lögreglu brot einstaklinga sem upplýsa um þau og liðsinna eftirlitinu.

**23. mars** – SE synjar Bifreiðastöð Oddeyrar (BSO) á Akureyri um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út samræmdan hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra hjá félaginu (ákv. nr. 10/2007).

**28. mars** – SE leggur dagsektir á Merkúr ehf. og Steypustöðina hf. (Mest ehf.) vegna vanrækslu á að tilkynna samruna skv. 17. gr. samkeppnislaga (ákv. nr. 9/2007).

**30. mars** – Icelandair ehf. er sektað um 190 milljónir króna fyrir að misnota markaðsráðandi stöðu sína í áætlanarflugi á flugleiðunum milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar annars vegar og Keflavíkur og Lundúna hins vegar (ákv. nr. 11/2007).

## Apríl

**23. apríl** – SE kemst að þeirri niðurstöðu að Síminn hafi brotið gegn samkeppnislögum með því að bjóða upp á niðurgreidda farsíma sem einungis var unnt að nota í farsímaþjónustu Símans (ákv. nr. 17/2007).

## Mái

**9. maí** – Héraðsdómur fellur í máli Sálfræðingafélags Íslands gegn SE. Féllst héraðsdómur ekki á þá niðurstöðu áfrýjunarnefndar að lög um heilbrigðisþjónustu girtu fyrir að SE beindi bindandi fyrirmælum til heilbrigðisráðherra þess efnis að hann gengi til samninga við sjálfstætt starfandi sálfræðinga um greiðsluþátttöku. Þessum dómi var síðar snúið við af Hæstarétti.

**22. maí** – SE ógildir samruna Frumherja ehf. og Aðalskoðunar ehf.

**23. maí** – Stefnyfirlýsing nýrrar ríkisstjórnar sett fram. Meðal helstu stefnumála er að efla samkeppniseftirlit.

## Júní

**5. júní** – SE gerir húsleit hjá Mjólkursamsölu vegna meintrar misnotkunar fyrirtækisins á markaðsráðandi stöðu sinni.

**5. júní** – Málfundur Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál og Háskólans í Reykjavík um samkeppnishindranir á markaði og aðgerðir til að ryðja þeim úr vegi. Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE, flytur erindi á fundinum, Samkeppniseftirlitið og hið opinbera.

**22. júní** – Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfestir ákvörðun SE frá 30. mars um misnotkun Icelandair á markaðsráðandi stöðu sinni. Sektir lækkaðar í 130 milljónir króna.

**22. júní** – VBS fjárfestingarbanki hf. sektaður um 250 þúsund krónur vegna dráttar sem varð á skilum fullnægjandi gagna er fyrirtækið sameinaðist FSP hf. fyrr á árinu.

**26. júní** – SE gefur út álit er beinist að SASS, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (álit nr. 1/2007).

**27. júní** – SE kemst að þeirri niðurstöðu að hópur leigubifreiðastjóra, sem störfuðu á leigubifreiðastöðvunum BSH í Hafnarfirði og Aðalbílum í Reykjanesbæ, hafi haft með sér ólöglegt samráð er þeir sammæltust um að segja upp samningum sínum við bifreiðastöðvarnar (ákv. nr. 28/2007).

**28. júní** – SE gefur út álit um samkeppnishömlur á markaði fyrir leigubifreiðar sem leiða af ákvæðum laga og reglna um leigubifreiðar. Tilmælum beint til samgönguráðherra um að hann beiti sér fyrir breytingum þannig að samkeppni fái þrífist á markaðnum til hagsbóta fyrir almenning (álit nr. 2/2007).

# 2007

## Júlí

23. júlí – SE flytur í nýtt húsnæði að Borgartúni 26

## Ágúst

10. ágúst – SE synjar beiðni Eldsneytisafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli ehf. um heimild félagsins til að starfrækja öryggis- og tækninefnd skipaða fulltrúum eigenda sinna og framkvæmdastjóra þess yrði framlengd.

23. ágúst – SE leggur 600 þúsund króna sekt á Brunavarnir Suðnesja fyrir að hafa brotið gegn ákvörðun samkeppnisráðs frá 1994 þar sem mælt var fyrir um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri á milli þess hluta rekstrarins, sem nyti einkaleyfis eða verndar, og samkeppnisrekstrar.

24. ágúst – SE leggur stjórnvaldssekt að upphæð 1 milljón króna á Sund ehf. fyrir að brjóta gegn skyldu til að afhenda gögn í tengslum við rannsókn á viðskiptum með hlutabréf í Glitni banka hf.

27. ágúst – Hæstiréttur snýr við niðurstöðu héraðsdóms og féllst á að veita Mjólkursamsölnunni og tengdum fyrirtækjum flýtimeðferð í vanhæfismáli þeirra gegn SE.

30. ágúst – Nýtt húsnæði SE tekið formlega í notkun að viðstöddum viðskiptaráðherra og öðrum gestum.

30. ágúst – Ársrit Samkeppniseftirlitsins, Breytt umhverfi – öflugra eftirlit, gefið út.

## September

13. september – SE kynnir skýrslu norrænna samkeppnisyrivalda um raforkumarkaðinn og áherslur SE á sama markaði.

14. september – SE framkvæmir hútleit í höfuðstöðvum Lyfja og heilsu hf. og apóteki Lyfja og heilsu á Akranesi.

17. september – SE ógildir samruna Reynimels ehf. og Kynniserða ehf.

24. september – Héraðsdómur staðfestir niðurstöðu áfrýjunarnefndar samkeppnismála (úrskurður nr. 3/2006) um að Flugþjónustan á Keflavíkurflugvelli (IGS), dótturfélag Icelandair, hafi brotið gegn samkeppnislögum. Sektor á fjárhæð 60 milljónir króna einnig staðfestar.

28. september – SE ákveður að viðhalda skilyrðum sem sett voru við samruna FL Group hf., Bláfugls hf. og Flugflutninga ehf. árið 2005. Í ákvörðuninni segir jafnframt að við rannsókn málsins hafi komið fram vísbendingar um að hugsanlega hafi verið brotið gegn skilyrðum ákvörðunar nr. 20/2005. Tekið verði til skoðunar hvort grunur um framangreint sé á rökum reistur (ákv.54/2007).

## Október

8. október – Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfestir sektarákvörðun SE vegna brota Sunda ehf. á samkeppnislögum. Sektor á fjárhæð 1 milljón króna jafnframt staðfest.

11. október – Breytingar á reglum um málsmeðferð SE taka gildi. Markmið breytinganna er einkum að setja samskipti SE við lögmenn í fastari farveg og undirstrika ábyrgð þeirra og þeirra fyrirtækja, sem þeir starfa fyrir, við vinnslu mála. Í breytingunum felst m.a. að lögmenn verða hér eftir að framvísa skriflegu málflytningsumboði.

16. október – Héraðsdómur staðfestir að Skífan hafi brotið gegn samkeppnislögum. Stjórnvaldssektor á fjárhæð 65 milljónir króna staðfestar.

18. október – Héraðsdómur Reykjavíkur kemst að þeirri niðurstöðu að forstjóra SE sé skylt að víkja sæti við meðferð stjórnslumáls sem hófst með hútleit hjá Mjólkursamsölnunni og tengdum fyrirtækjum þann 5. júní sl. SE áfrýjaði dóminum til Hæstaréttar sem dæmði að forstjórinn væri ekki vanhæfur til meðferðar málsins.

19. október – SE mælir í tveimur ákvörðunum fyrir um fjárhagslegan aðskilnað hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu annar vegar og Blindrabókasafni Íslands hins vegar milli þeirrar starfsemi, sem rekin er í samkeppni við aðila á markaði, og starfsemi sem er rekin af almennafélagi hluta til eða öllu leyti (ákv. nr. 55/2007 og 56/2007).

22. október – SE samþykkir samruna Fóðurbliðndunnar hf. og KHB-Miðbæjar ehf. með skilyrðum sem miða að því að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að mörkuðum og stuðla að frekara jafnræði þeirra.

## Nóvember

1. nóvember – SE gefur út fréttatilkynningu þar sem það hvetur til þess að því séu sendar ábendingar í tengslum við umræðu um ólöglegt samráð á matvörumarkaði.

15. nóvember – SE gerir hútleit hjá fyrirtækjum á matvörumarkaði, þ.e. Högum (Bónus), Kaupási, Íslensk ameríska, O. Johnson & Kaaber og Innnesi.

29. nóvember – Páll Gunnar Pálsson, forstjóri SE, flytur erindið Sýn Samkeppniseftirlitsins á íslenska lyfjamarkaðinn á fundi Rannsóknarstofnunar um lyfjamál við HÍ.

29. nóvember – Viðskiptaráðherra kynnir frumvarpsdrög að breytingum á samrunaákvæðum samkeppnislaga. Frumvarpinu er ætlað að styrkja samrunaæftirlit.

30. nóvember – Í framhaldi af hútleit 15. nóvember gerir SE hútleit hjá Danól.

## Desember

17. desember – SE leggur 310 milljóna króna stjórnvaldssekt á Hf. Eimskipafélag Íslands vegna misnotkunar félagsins á markaðsráðandi stöðu sinni.


18. desember – SE leggur 1,5 milljóna króna sekt á Eignarhaldsfélagið Sævarhöfða ehf. vegna vanrækslu á að tilkynna samruna.

20. desember – SE tekur bráðabirgðaákvörðun vegna ætlaðra brota 365 miðla ehf. á 11. gr. sem og brots gegn ákvörðun samkeppnisráðs frá árinu 2005.

# Mál til meðferðar 2007

## Aukin umsvif

Málum í meðferð fjölgaði á árinu 2007 miðað við fyrri ár. Mál, sem stofnuð voru á árinu, voru 136 en 106 á árinu 2006. Á árinu lauk 117 málum, þar af lauk um 70 málum með ákvörðun á heimasíðu en á árinu 2007 voru ákvarðanirnar 52.




Taka ber fram að hér eru einungis talin stjórnslumál sem lúta með einum eða öðrum hætti að atvikum í atvinnulífinu. Ekki eru meðtaldir óformlegar ábendingar, samskipti við stjórnvöld, s.s. við ráðuneyti eða Alþingi, eða þátttaka í erlendu samstarfi.

## Ábendingar skipta sköpum

Ábendingar þeirra, sem starfa á samkeppnismörkuðum, og almennings til Samkeppniseftirlitsins eru mikilvægar og oft á tíðum tilefni og grundvöllur athugana. Á árinu voru þær m.a. grundvöllur húsleita. Allar ábendingar, sem berast, eru skráðar og yfirfarnar. Á árinu 2007 bárust Samkeppniseftirlitinu rúmlega 150 ábendingar með þessum hætti en rúmlega 30 árið 2006. Langflestar þeirra vörðuð neyslu- og rekstrarvörur (einkum matvörumarkað), fjarskipti og fjölmiðlun og samgöngur og ferðamál.

Ábendingar skráðar 2006 (34) og 2007 (151)



Í tvígang hvatti Samkeppniseftirlitið einstaklinga og fyrirtæki á matvörumarkaði til þess að senda eftirlitinu ábendingar, ef einhverjar væru, og vakti athygli á því að það væri hægt að gera í gegnum gátt á heimasíðu eftirlitsins án þess að gefa upp nafn. Aðilar í atvinnulífinu voru ekki allir sáttir við þetta. Þannig lét einn forsvarsmanna hagsmunasamtaka fyrirtækja í atvinnurekstri þau orð falla að Samkeppniseftirlitið væri að stuðla að „gleðisnauðu ógnarsamfélagi“. Eitt þeirra fyrirtækja, sem sætti húsleit á síðasta ári, krafðist þess að upplýst yrði hverjir hefðu veitt Samkeppniseftirlitinu ábendingu um starfsemi þess. Samkeppniseftirlitið sýnaði fyrirtækinu um þær upplýsingar. Kærði fyrirtækið þá ákvörðun til áfrýjunarnefndar sem vísaði málinu frá.


## Húsleitir settu mark sitt á árið

Samkeppniseftirlitið framkvæmdi óvenjumargar húsleitir á árinu. Þannig var ráðist í 6 húsleitaraðgerðir hjá um 15 fyrirtækjum vegna 5 stjórnsluathugana.

## Skipting ráðstöfunartíma í samræmi við áherslur

Á árinu 2007 var um þremur fjórðu hlutum ráðstöfunartíma á markaði varið í matvöru og tengdar greinar, fjármálaþjónustu, fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðla og samgöngur og ferðamál. Var þessi skipting á ráðstöfunartíma að mestu í samræmi við sett markmið. Þannig var um 45% ráðstöfunartímans varið í svokallaða áherslumarkaði, þ.e. matvöru, fjármálaþjónustu og fjarskipti og fjölmiðlun. Um 28% ráðstöfunartímans var varið í samgöngur og ferðamál en á árinu lauk Samkeppniseftirlitið tveimur viðamiklum málum á því sviði, auk þess sem ráðist var í húsleit hjá fjórum aðilum í ferðaþjónustu.

Skipting ráðstöfunartíma á markaði á árinu 2007



## Opinberlega birtum ákvörðunum fjölgar mikið

Samkeppniseftirlitið birti 70 ákvarðanir og 2 álit á heimasíðu sinni á árinu 2007. Var um talsverða fjölgun að ræða frá fyrri árum en opinberlega birtar ákvarðanir í samkeppnismálum voru 52 á árinu 2006. Samrunamál eru áberandi í þeim hópi en taka ber fram í þessu sambandi að allar ákvarðanir í samrunamálum eru birtar á heimasíðunni. Til samanburðar má nefna að innan við 15% ráðstöfunartímans á síðasta ári var ráðstafað í samrunamál þó að mikill meirihluti ákvarðana á heimasíðu sé á því sviði.

Tegund máls	Fjöldi mála	Þar af íhlutun*
Samrunamál	47	3
Ólögðmætt samráð	7	6
Misnotkun á markaðráðandi stöðu	4	3
Opinberar samkeppnishömlur	5	3
Sektir vegna brota á upplýsingaskyldu	4	4
Annað	3	3
<b>Samtals</b>	<b>70</b>	<b>22</b>
Álit	2	

Ákvarðanir og álit birt á heimasíðu á árinu 2007.

\*Með íhlutun er átt við ákvörðun um brot, sektir, ógildingu samruna eða fyrirmæli um aðgerðir.

Framangreindar ákvarðanir fjalla um fjölmörg svið atvinnulífsins. Ákvarðanir, sem varða neyslu- og rekstrarvörur, voru 27 en þar undir falla mál á matvörumarkaði, bókamarkaði, lyfjamarkaði o.fl. Ákvarðanir, er varða samgöngur og ferðamál, voru 11 talsins og 8 ákvarðanir fjalla um fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun.

Fjarskipti, upplýsingatekni og fjölmiðlun	8 (1)*
Neyslu- og rekstrarvörur (matvöruverkaður o.fl.)	27
Sérfræðipjónusta og önnur þjónusta	5
Samgöngur og ferðamál	11 (1)*
Fjármálþjónusta	12
Mennta- og menningarmál	1
Umhverfismál	3
Byggingarþjónusta	3
<b>Samtals</b>	<b>70 (2)*</b>

**Skipting opinberlega birtra ákvarðana og álita á árinu 2007 eftir sviðum atvinnulífsins. \* Innan sviga eru álit.**

## Mikilvægustu ákvarðanir

Rétt er að gera grein fyrir mikilvægustu ákvörðunum

Samkeppniseftirlitsins á tímabilinu.

### Samrunamál – 3 íhlutanir

Ákvarðanir í samrunamálum voru 47 talsins, eða tæplega 67% af þeim ákvörðunum sem birtar eru á heimasíðu. Þar af voru tveir samrunar ógiltir, einn samþykktur með skilyrðum en aðrir voru samþykktir án athugasemda.

Af framangreindum 3 samrunum, sem sættu íhlutun, var um að ræða tvær ógildingar.

Fyrri málið var vegna kaupa Frumherja hf. á öllu hlutafé Aðalskoðunar hf. Félögin voru hin einu sem störfuðu á markaðnum fyrir skoðun skráningarskyldra ökutækja og markaðnum fyrir skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti vinnsluleyfshafa í sjávarútvegi. Sameiginlega voru fyrirtækin því í algjörru einokunarstöðu og samruni félaganna myndi hindra virka samkeppni á þessum mörkuðum og vinna þannig gegn markmiði samkeppnislaga.

Síðara málið var vegna kaupa eignarhaldsfélagsins Reynimels ehf. á Kynnisferðum ehf. en í eigendahópi Reynimels voru m.a. hópferðafyrirtækin SBA-Norðurleið ehf. og Hagvagnar/Hópþílar hf. Þessi fyrirtæki höfðu ásamt Kynnisferðum um margra ára skeið verið umfangsmikil í fólksflutningum hér á landi, s.s. á sviði hópferða og svokallaðra dagsferða auk þess hafa Kynnisferðir verið langumsvifamesta fyrirtæki landsins í sérleyfisakstri. Það var mat Samkeppniseftirlitsins að hefði samruninn verið látinn óátalinn hefði orðið til markaðsráðandi staða á þeim markaði sem þessi fyrirtæki starfa á en samanlögð markaðshlutdeild þeirra reyndist vera tæplega 60% á meðan hlutdeild annarra einstakra keppnauta var mest 5-10%. Var samruninn því ógiltur.

Í einu tilvikum var samruni samþykktur með skilyrðum en það var vegna kaupa Fódurblöndunnar hf. á KHB-Miðbæ ehf. Var talið að með samrunanum skapaðist möguleiki á samþættingu á sölu á vörum og þjónustu samrunaaðila sem komi til með að styrkja stöðu hins sameinaða fyrirtækis á fódur- og áburðarmörkuðum og myndi sú staða bæði takmarka núverandi samkeppni sem og möguleika nýrra aðila til að hefja samkeppni á umræddum mörkuðum. Einnig var talið að samruninn gæti leitt til samtvinnunar vöru og/eða þjónustu á mismunandi vöru- og þjónustumörkuðum með tilheyrandi hömlum á samkeppni. Af þessu tilefni voru samrunanum sett skilyrði sem eiga að vinna gegn þessum neikvæðu áhrifum.

Þá var í sjö málum fjallað um annaðhvort álagningu sekta vegna brota á tilkynningarskyldu eða endurskoðun á skilyrðum sem sett höfðu verið í tilefni af eldri samruna.

### Misnotkun á markaðsráðandi stöðu – sektum beitt í tveimur málum

Samkeppniseftirlitið tók á árinu fjórar ákvarðanir er vörðuðu bannákvæði 11. gr. samkeppnislaga um misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Í þremur tilvikum var um íhlutun að ræða. Í tveimur tilvikum lagði Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssektir á hin brotlegu fyrirtæki, samtals að

fjárhæð 500 milljónir króna.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 17. desember 2007 var komist að þeirri niðurstöðu að Eimskip hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína á sjóflutningamarkaði og brotið þannig gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Þetta gerði Eimskip annars vegar með aðgerðum sem beindust gegn Samskipum (markaðsatlaga) og hins vegar með gerð fjölmargra ólögmeðra einkakaupasamninga við viðskiptavini sína. Með einkakaupum í þessu samhengi er átt við samninga þar sem Eimskip skuldbatt viðskiptavini sína til þess að kaupa flutningaþjónustu einungis af félaginu. Var Eimskip sektað um 310 milljónir króna.

Eimskip skaut þessu máli til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Fyrir áfrýjunarnefnd hélt Eimskip því fram að málinu hafi ranglega verið beint að félaginu, það væri ekki markaðsráðandi og aðgerðir þess hefðu falið í sér eðlilega samkeppni en ekki brot á samkeppnislögum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála komst að þeirri niðurstöðu að Samkeppniseftirlitið hefði réttilega beint málinu að Eimskipi. Jafnframt var staðfest að félagið væri í markaðsráðandi stöðu. Enn fremur staðfesti áfrýjunarnefnd að Eimskip hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með aðgerðum sem miðuðu að því að veikja Samskip verulega og varanlega og með gerð ólögmeðra einkakaupasamninga. Taldi áfrýjunarnefnd að um hafi verið að ræða alvarleg brot á samkeppnislögum og taldi hæfilegt að leggja 230 milljón króna sekt á Eimskip vegna þessara brota. Er þetta hæsta sekt sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur lagt á vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu.

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu í mars að Icelandair hefði brotið gegn samkeppnislögum með því að misnota markaðsráðandi stöðu sína í áætlunarflugi á flugleiðunum milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar annars vegar og milli Keflavíkur og Lundúna hins vegar. Brotið átti sér stað á árinu 2004 þegar Icelandair bauð svokallaða Netsmelli á verði sem stóð ekki undir kostnaði í kjölfar þess að nýr aðili, Iceland Express, hóf áætlunarflug til umræddra áfangastaða í samkeppni við Icelandair. Þar sem um markaðsráðandi fyrirtæki var að ræða var því um að ræða skaðlega undirverðlagningu í skilningi samkeppnislaga og var Icelandair sektað um 190 milljónir króna vegna brotanna. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins og gerði Icelandair að greiða 130 milljónir króna stjórnvaldssekt. Sjá nánar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2007 og úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 4/2007.

Þá var talið að Síminn hefði brotið gegn samkeppnislögum á árunum 2003 og 2004 með sölu á niðurgreiddum farsímum sem læstir væru í farsímakerfi Símans. Var talið að sú ráðstöfun hefði verið til þess fallin að viðhalda eða styrkja stöðu Símans með óeðlilegum hætti á markaðnum fyrir GSM farsímaþjónustu sem og að styrkja stöðu Símans á markaði fyrir sölu á GSM farsímum.

### Ólögmeðt samráð

Samkeppniseftirlitið tók á árinu sjö ákvarðanir er vörðuðu bannákvæði 10. gr. eða ákvörðun um undanþágur frá ólögmeðu samráði skv. 15. gr. samkeppnislaga. Í sex tilvikum var um íhlutun að ræða, þ.e. niðurstaða um ólögmeðt samráð eða undanþágu frá ólögmeðu samráði með skilyrðum.

Í einu tilvikum lagði Samkeppniseftirlitið stjórnvaldssekt á hinn brotlega aðila en um var að ræða sátt sem Síminn, Landsvirkjun og Fjarski ehf., sem er dótturfélag Landsvirkjunar, gengust undir í tengslum við kaup Símans á eignarhlut í hinu síðastnefnda og einnig við kaup Símans á sex ljósleiðarastrengjum á milli Hrauneyjarfossstöðvar og Akureyrar. Áttu þessir atburðir sér stað í upphafi árs 2005 en talið var að markmiðið með samningum félaganna hefði verið að raska samkeppni og skipta með sér markaði á sviði fjarskipta. Viðurkenndu aðilar málsins að hafa brotið gegn bannreglu samkeppnislaga sem fjallar um ólögmeðt samráð. Þá samþykktu þeir að ógilda þá samninga, sem voru grundvöllur brota, og greiða sektir vegna brotanna.

### Opinberar samkeppnishömlur

Samkeppniseftirlitið tók fimm ákvarðanir er varða opinberar samkeppnishömlur á árinu. Þar af var íhlutun beitt í þremur tilvikum. Einnig beindi Samkeppniseftirlitið í tveimur tilvikum álit til ráðherra um opinberar samkeppnishindranir.

Hér á eftir fer yfirlit yfir allar ákvarðanir og álit Samkeppniseftirlitsins á árinu 2007 sem birtar eru opinberlega. ■

# Ákvarðanir

## Ákvarðanir

### *Kaup Björgunar ehf. á Sæþóri ehf.*

Númer máls: 1/2007

Atvinnuvegir: Byggingarþjónusta

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um kaup Björgunar ehf. á öllu hlutafé Sæþórs ehf. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að ekki væri tilefni til að aðhafast vegna samrunans. Vísað var til þess að ekki virtist vera skörun á starfsemi félaganna né annað sem benti til þess að samruninn hefði í för með sér röskun á samkeppni.

### *Kaup Senu ehf. á Consert ehf.*

Númer máls: 2/2007

Atvinnuvegir: Sérfræðiþjónusta og önnur þjónusta

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um kaup Senu ehf. á ráðandi hlut í Consert ehf. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að ekki væri tilefni til að aðhafast vegna samrunans. Vísað var til þess að ekki virtist vera skörun á starfsemi félaganna né annað sem benti til þess að samruninn hefði í för með sér röskun á samkeppni.

### *Kaup Sparisjóðs Keflavíkur á afgreiðslu Landsbanka Íslands í Sandgerði*

Númer máls: 3/2007

Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um kaup Sparisjóðs Keflavíkur á afgreiðslu Landsbanka Íslands í Sandgerði. Samkeppniseftirlitið ákvað að taka samruna aðila til frekari rannsóknar. Með vísan til þess að þrír bankar keppa við Sparisjóð Keflavíkur sem allir hafa umtalsverðan fjárhagslegan styrkleika vegna smæðar hinnar seldu afgreiðslu og annarra aðstæðna var ekki talin ástæða til að aðhafast vegna samrunans.

### *Samruni Sparisjóðs Keflavíkur og Sparisjóðs Ólafsvíkur*

Númer máls: 4/2007

Atvinnuvegir: Fjármálaþjónusta

Efni máls: Samrunamál

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt að Sparisjóður Keflavíkur hefði yfirtekið allar eignir og skuldir Sparisjóðs Ólafsvíkur. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti ekki til þess að röskun yrði á samkeppni vegna samruna aðila. Sá Samkeppniseftirlitið því ekki tilefni til þess að aðhafast vegna samrunans

### *Athugun á áskriftarskilmálum sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar vegna HM í knattspyrnu 2006*

Númer máls: 5/2007

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Ekki íhlutun

Ágrip: Stefán Geir Þórisson hrl. óskaði eftir því við Samkeppniseftirlitið að könnuð yrðu tilboð sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar að áskrift í tengslum við sýningarrétt á heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu 2006. Var sérstaklega tekið til skoðunar hvort gjaldtaka Sýnar væri óhófleg og hvort í tilboðum Sýnar fælust ólögmatir söluskilmálar. Samkeppniseftirlitið taldi að kostnaðarforsendur hefðu réttlætt uppsett verð Sýnar fyrir áskrift að heimsmeistarakeppninni. Þá taldi Samkeppniseftirlitið að ekki hefði falist ólögmat samtvinnun í því að gera væntanlegum viðskiptavinum að velja á milli þess að kaupa áskrift þann tíma sem heimsmeistarakeppnin stóð yfir ellegar að kaupa áskrift að Sýn í lengri tíma. Bindingin hefði verið hófleg og forsendur tilboðanna að öðru leyti málefnalegar og því ekki talin ástæða til að hafast frekar að í málinu.

### *Ólöglegt samráð Símans hf., Landsvirkjunar og Fjarska ehf.*

Númer máls: 6/2007

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Ólöglegt samráð

Niðurstaða: Íhlutun

Ágrip: Síminn hf., Landsvirkjun og Fjarska ehf., sem er dótturfélag Landsvirkjunar, gengust undir sátt þar sem þau viðurkenndu að hafa haft með sér ólöglegt samráð í tengslum við kaup Símans á eignarhlut í Fjarska og við kaup Símans á sex ljósleiðarastrengjum á milli Hrauneyjarfossstöðvar og Akureyrar. Í upphafi árs 2005 keypti Síminn fjórðungshlut í Fjarska, sem starfar m.a. á fjarskiptamarkaði, ásamt því að kaupa af Fjarska sex ljósleiðarastrengi af tólf á milli Hrauneyjarfossstöðvar og Akureyrar. Í sáttinni felst að aðilar málsins viðurkenna að hafa farið gegn 10. gr. samkeppnislaga og fallast á að ógilda þá samninga sem voru grundvöllur brota. Þá féllust félögin á að greiða samanlagt 80 milljónir króna í stjórnvaldssekt.



***Kaup 365 miðla ehf. á útlagsstöðvunum Kiss FM og XFM af Íslenska útlagsfélaginu ehf.***

**Númer máls:** 7/2007

**Atvinnuvegir:** Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um kaup 365 miðla ehf. á öllum þeim tækjum, sem notuð höfðu verið til reksturs útlagsstöðvanna Kiss FM og XFM og voru í eigu Íslenska útlagsfélagsins ehf., ásamt vörumerkjum beggja stöðva og kallmerkjum. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samningurinn myndi raska samkeppni og var það því mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.

***Kaup Bílanausts hf. á Bæjardekki ehf., Dekki.is ehf. og Hjólbarðaverkstæðinu Dekkinu ehf.***

**Númer máls:** 8/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu bárust tilkynningar um kaup Bílanausts hf. á Bæjardekki ehf. og Dekki.is annars vegar og Hjólbarðaverkstæðinu Dekkinu ehf. hins vegar. Samkeppniseftirlitið taldi rétt að sameina umfjöllun um samrunana í eina ákvörðun þar sem um væri að ræða kaup Bílanausts á fyrirtækjum á sömu mörkuðum. Að mati Samkeppniseftirlitsins myndi samlegðaráhrifa samrunanna fyrst og fremst gæta á sviði smásölu, viðgerða og skiptinga á hjólbörðum. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samrunarnir myndu hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim mörkuðum, sem um ræðir, þótti ekki benda til markaðsráðandi stöðu. Þá segja aðilar á markaði innflutning á dekkjum frekar auðveldan og veitir það innlendum heild- og smásölum umtalsvert aðhald. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.

***Ákvörðun um dagsektir vegna vanrækslu Mest ehf. á tilkynningu um samruna***

**Númer máls:** 9/2007

**Atvinnuvegir:** Byggingarþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Í lok árs 2005 átti sér stað tilkynningarskyldur samruni í skilningi samkeppnislaga milli fyrirtækjanna Merkúrs ehf. og Steypustöðvarinnar hf. undir merkjum Mest ehf. Seinni hluta árs 2006 var fjallað um samruna Mest ehf. við byggingarvöruverslunina Súperbygg ehf. Þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið hefði ítrekað vakið athygli aðila á lögboðinni tilkynningarskyldu Mest ehf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga vegna ofangreindra tveggja samruna höfðu eftirlitinu enn ekki borist fullnægjandi samrunatilkynningar vegna þeirra er umrædd ákvörðun um dagsektir var tekin. Með þessu vanrækti Mest ehf. ótvíræða lagaskyldu um tilkynningu samruna annars vegar og ákvörðun tekna með stöð í 19. gr. samkeppnislaga hins vegar. Af þessum sökum nýtti Samkeppniseftirlitið heimild sína í 38. gr. samkeppnislaga og lagði dagsektir á félagið. Var félaginu gert að greiða 250.000 krónur á dag þar til fullnægjandi samrunatilkynningar hafa borist.

***Beiðni Bifreiðastöðvar Oddeyrar ehf. um undanþágu til að gefa út samræmdan hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sína.***

**Númer máls:** 10/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Undanþágur

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Kæra til áfrýjunarn:** Ákvörðun staðfest (úrskurður í máli nr. 3/2007)

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið synjaði beiðni Bifreiðastöðvar Oddeyrar ehf. um leyfi til að gefa út samræmdan hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sína enda var ekki talið að skilyrði 15. gr. samkeppnislaga, sem heimila undanþágur frá bannákvæðum 10. og 12. gr. laganna, væru uppfylltar. Var tekið fram að í ljósi þess að Bifreiðastöð Oddeyrar hefði einokunarstöðu á þjónustu leigubifreiða á Akureyri giltu ekki sömu forsendur og leiddu til þess að bifreiðastöðvum höfuðborgarsvæðisins var veitt sambærileg undanþága enda ríki þar innbyrðis samkeppni milli stöðvanna.

***Erindi Iceland Express ehf. vegna verðlagningar Icelandair ehf. á fargjöldum til Kaupmannahafnar og Lundúna***

**Númer máls:** 11/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Kæra til áfrýjunarn:** Ákvörðun staðfest með breytingum (úrskurður í máli nr. 4/2007)

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Icelandair ehf. hefði brotið gegn samkeppnislögum með því að misnota markaðsráðandi stöðu sína í áætlunarflugi á flugleiðunum milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar annars vegar og milli Keflavíkur og Lundúna hins vegar. Brotið átti sér stað á árinu 2004 þegar Icelandair bauð netfargjöld, svokallaða Netsmelli, í miklu magni til umræddra áfangastaða á verði sem stóð ekki undir kostnaði. Um var að ræða skaðlega undirverðlagningu í skilningi samkeppnislaga. Umrædd fargjöld voru fyrst í boði um ári eftir að nýr aðili, Iceland Express, hóf áætlunarflug á milli umræddra áfangastaða í samkeppni við Icelandair. Var Icelandair gert að greiða stjórnvaldssekt að upphæð 190 milljónir króna í ríkissjóð.

***Kaup Ísfélags Vestmannaeyja hf. á Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.***

**Númer máls:** 12/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Ísfélags Vestmannaeyja hf. á nær öllum hlutum í Hraðfrystistöð Þórshafnar hf. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samningurinn myndi raska samkeppni og því ekki talið tilefni til frekari athafna af hálfu eftirlitsins.

#### ***Kaup DM ehf. á Transport, toll og flutningsmiðlun ehf.***

**Númer máls:** 13/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup DM ehf. á Transport, toll og flutningsmiðlun ehf. Kaupin fólu í sér samruna í skilningi samkeppnislaga og í ljósi þess að DM ehf. er undir yfirráðum sömu aðila og Penninn hf. Töldust veltuskilyrði laganna uppfyllt. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni og var því ekki talin ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Samruni Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar***

**Númer máls:** 14/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um samruna Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar.

Var ákveðið að taka samrunann til frekari rannsóknar. Athugun stofnunarinnar benti hins vegar ekki til þess að röskun yrði á samkeppni vegna samrunans og því var ekki talið tilefni til frekari aðgerða.

#### ***Kaup FoodCo hf. á eignum og rekstri Veitingahússins Greifans ehf.***

**Númer máls:** 15/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup FoodCo hf. á eignum og rekstri Veitingahússins Greifans ehf. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni og var því ekki talin ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Kaup FoodCo hf. á Eignarhaldsfélaginu Kamus ehf.***

**Númer máls:** 16/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup FoodCo hf. á öllum hlutum í Eignarhaldsfélaginu Kamus ehf. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni og var því ekki talin ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Erindi Og fjarskipta hf. vegna meintrar misnotkunar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu á farsíma markaði***

**Númer máls:** 17/2007

**Atvinnuvegir:** Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

**Efni máls:** Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Og fjarskipti hf. (nú Vodafone) báru upp tvö erindi við samkeppnisyfirvöld síðla árs 2004 þar sem kvartað var yfir aðgerðum Landssíma Íslands hf. (nú Síman hf.) á markaði fyrir farsímaþjónustu. Annars vegar var kvartað yfir því að Síminn hefði hringt í þá viðskiptavini sína, sem óskað höfðu eftir númeraflutningi til Vodafone, og boðið þeim ýmis sérkjör gegn því að þeir féllu frá númeraflutningi. Hins vegar var kvartað yfir því að Síminn hefði selt á niðurgreiddu verði GSM farsíma sem voru læstir í kerfi Símans. Taldi Vodafone að framangreindar markaðsaðgerðir Símans væru brot á banni 11. gr. samkeppnislaga um misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu hvað varðar fyrri atriði að umrædd tilboð Símans hafi verið viðbrögð við aðgerðum Vodafone á markaðnum og umræddar aðgerðir hefðu verið hóflegar og tímabundnar. Væri því ekki unnt að líta svo á að aðgerðir Símans hefðu að þessu leyti brotið gegn samkeppnislögum. Hins vegar hvað varðar síðari umkvörtunarefnið var talið að Síminn hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með því að niðurgreiða læsta GSM farsíma í sitt eigið farsímaferji á árunum 2003 og 2004. Aðgerðir þessar voru til þess fallnar að viðhalda eða styrkja markaðsráðandi stöðu Símans með óeðlilegum hætti á markaðnum fyrir GSM farsímaþjónustu sem og í sölu á GSM farsímum. Var það mat Samkeppniseftirlitsins að Síminn hefði með umræddri háttsemi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga.

#### ***Samruni Birtings útgáfufélags ehf. og Útgáfufélagsins Fögrudrya ehf.***

**Númer máls:** 18/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Birtings útgáfufélags ehf. á öllu hlutafé í Útgáfufélaginu Fögrudryum ehf. Að mati Samkeppniseftirlitsins mun samlegðaráhrifa samrunans einkum gæta í kostnaði félaganna vegna útgáfu og prentunar tímarita. Tekið var fram að Samkeppniseftirlitið sæi ástæðu til að taka tillit til sérstöðu þess markaðar sem var til umfjöllunar. Var tekið fram að íslenskur tímaritamaður hafi farið hnignandi og útgefendur þeirra átt erfitt uppdráttar enda hefði félag um eignarhald á þeim tímaritum, sem hér um ræddi, tvisvar verið tekið til gjaldþrotaskipta á nýliðnum árum. Var samruninn því heimilaður þar sem lítið var svo á að hann myndi ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni á viðeigandi markaði.

### ***Kaup Samkaupa hf. á Krami ehf. og Hólmgarði ehf.***

**Númer máls:** 19/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu bárust tilkynningar um kaup Samkaupa hf. á Krami ehf. annars vegar og Hólmgarði hins vegar. Samkeppniseftirlitið taldi rétt að sameina umfjöllun um samrunana í eina ákvörðun þar sem um væri að ræða kaup Samkaupa á fyrirtækjum í svipuðum rekstri. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samrunarnir myndu raska samkeppni og var því ekki talin ástæða til að aðhafast frekar vegna þeirra.

### ***Samruni Hönnunar hf. og Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf.***

**Númer máls:** 20/2007

**Atvinnuvegir:** Sérfræðiþjónusta og önnur þjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu bárust tilkynningar um samruna Hönnunar hf. og Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns hf. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim mörkuðum, sem um ræðir, benti ekki til markaðsráðandi stöðu, aðgangshindranir að viðkomandi markaði virtust takmarkaðar og var það því mat Samkeppniseftirlitsins að fyrir hendi væri töluvert samkeppnislegt aðhald fyrir hið sameinaða félag. Að þessu virtu var ekki talin ástæða til að aðhafast frekar vegna samrunans.

### ***Kaup 365 hf. á Inn ehf.***

**Númer máls:** 21/2007

**Atvinnuvegir:** Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup 365 hf. á öllu hlutafé Inn ehf. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að þessi fyrirtæki starfa á ólíkum mörkuðum og að lítil eða engin skörun væri á milli starfsemi þeirra. Jafnframt væru aðgangshindranir að þeim mörkuðum, sem Inn starfar á, mjög litlar. Það var því mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn væri ekki skaðlegur samkeppni í skilningi samkeppnislaga og því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna hans.

### ***Kaup Símans hf. á Sensa ehf.***

**Númer máls:** 22/2007

**Atvinnuvegir:** Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Símans hf. á öllu hlutafé Sensa ehf. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði, sem um ræddi, benti ekki til þess að markaðsráðandi staða yrði til eða slík staða styrktist við samrunann. Þá kom einnig í ljós að litlar aðgangshindranir eru að viðkomandi markaði. Það var því mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn væri ekki skaðlegur samkeppni í skilningi samkeppnislaga og því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna hans.

### ***Samruni Frumherja hf. og Aðalskoðunar hf.***

**Númer máls:** 23/2007

**Atvinnuvegir:** Sérfræðiþjónusta og önnur þjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Frumherja hf. á öllu hlutafé Aðalskoðunar hf. Félögin eru hin einu sem starfa á markaðnum fyrir skoðun skráningarskyldra ökutækja og á markaðnum fyrir skoðun á aðstöðu, hreinlæti og innra eftirliti vinnsluleyfishafa í sjávarútvegi. Sameiginlega væru fyrirtækin því í einokunarstöðu á umræddum mörkuðum. Það var því mat Samkeppniseftirlitsins að samruni félaganna myndi hindra virka samkeppni á þessum mörkuðum og vinna þannig gegn markmiði samkeppnislaga. Af þeim sökum ógilti Samkeppniseftirlitið samrunann með vísan til heimildar sinnar í 17. gr. samkeppnislaga.

### ***Kaup SM fjárfestinga ehf. á IOD ehf.***

**Númer máls:** 24/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup SM fjárfestinga ehf. á öllu hlutafé IOD ehf. Var lagt mat á það hvort samruninn myndi hindra virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða yrði til eða að slík staða myndi styrkjast. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi í ljós að þessi fyrirtæki starfa á ólíkum mörkuðum og að lítil skörun sé á milli þeirra. Það var því mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn myndi ekki hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif og taldi eftirlitið því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna hans.

### ***Samruni VBS fjárfestingarbanka hf. og FSP hf.***

**Númer máls:** 25/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um samruna VBS fjárfestingarbanka hf. og FSP hf. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi ekki í ljós nein atriði sem bentu til þess að umræddur samruni væri líklegur til þess að valda röskun á samkeppni. Sá Samkeppniseftirlitið því ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### ***Samruni Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Hornafjarðar***

**Númer máls:** 26/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Í kjölfar þess að fréttir birtust í fjölmiðlum þar sem fjallað var um samruna Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Hornafjarðar óskaði Samkeppniseftirlitið eftir gögnum frá framangreindum sparisjóðum þar sem talið var að um tilkynningarskyldan samruna væri að ræða. Umrædd gögn bárust í kjölfarið. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti hins vegar ekki til þess að röskun yrði á samkeppni vegna samruna aðila og því var ekki talið tilefni til að aðhafast frekar.

#### ***Samruni Sparisjóðs Siglufjarðar og Sparisjóðs Skagafjarðar***

**Númer máls:** 27/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Sparisjóðs Siglufjarðar á Sparisjóði Skagafjarðar. Sparisjóður Siglufjarðar er í eigu Sparisjóðs Mýrasýslu. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti ekki til þess að röskun yrði á samkeppni vegna samruna aðila og því taldi eftirlitið ekki tilefni til að aðhafast frekar.

#### ***Samstilltar aðgerðir hóps leigubifreiðastjóra hjá bifreiðastöðvunum Aðalbílum í Keflavík og BSH í Hafnarfirði við uppsögn samninga við stöðvarnar***

**Númer máls:** 28/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Ólöglegt samráð

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Kæra til áfrýjunar:** Ákvörðun felld úr gildi (úrskurður í máli nr. 5/2007)

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að hópur leigubifreiðastjóra, sem störfuðu á leigubifreiðastöðvunum BSH í Hafnarfirði og Aðalbílum í Reykjanesbæ, hefðu haft með sér ólöglegt samráð er þeir sammæltust um að segja upp samningum sínum við bifreiðastöðvarnar. Hver leigubifreiðastjóri er handhafi atvinnuleysis sem veitir honum rétt til að reka leigubifreið og telst vera sjálfstæður atvinnurekandi í skilningi samkeppnislaga. Því var bifreiðastjórunum óheimilt að sammælast og standa sameiginlega að því að hætta viðskiptum við leigubifreiðastöðvarnar BSH og Aðalbíla sem höfðu veitt þeim þjónustu.

#### ***Samruni Hafnarbakka og Gámaþjónustunnar hf.***

**Númer máls:** 29/2007

**Atvinnuvegir:** Umhverfismál

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Gámaþjónustunnar hf. á Hafnarbakka sem áður var sérstök deild innan Eimskipafélags Íslands. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni og var því ekki talin ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Samruni Nathans & Olsens hf. og Bergdal hf.***

**Númer máls:** 30/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Nathans & Olsens hf. á Bergdal hf. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni og var því ekki talin ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Ófullnægjandi upplýsingagjöf vegna samruna VBS og FSP***

**Númer máls:** 31/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup VBS fjárfestingarbanka hf. og FSP hf. Samrunatilkynning þessi uppfyllti ekki skilyrði þau sem gerð eru til samrunatilkynninga skv. 17. gr. samkeppnislaga og reglna nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Fullnægjandi upplýsingar bárust ekki fyrr en nokkru eftir þann frest sem gefinn er í samkeppnislögum. Vegna þess dráttar, sem varð á skilum fullnægjandi gagna af hálfu samrunafyrirtækjanna, ákvað Samkeppniseftirlitið að leggja 250.000 króna stjórnvaldssekt á samrunafyrirtækin.

#### ***Beiðni Símans hf. um breytingu á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005***

**Númer máls:** 32/2007

**Atvinnuvegir:** Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005, Samruni Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf., var gerð sátt milli aðila málsins um að þeir hlítu ákveðnum skilyrðum fyrir samruna fyrirtækjanna. Eitt þeirra skilyrða laut að stjórnsetu í fyrirtækjunum tveimur. Síminn leitaði eftir því að Samkeppniseftirlitið breytti stjórnarsetuskilyrði ákvörðunarinnar og var talið að gild rök væru fyrir því að verða við beiðninni og var það því gert.

***Beiðni um framlengdan gildistíma á undanþágu fyrir Bifreiðastöð Reykjavíkur til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta fyrir leigubifreiðastjóra sína***

**Númer máls:** 33/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Undanþágur

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið samþykkti að framlengja til eins árs undanþágu Bifreiðastöðvar Reykjavíkur til að gefa út hámarksökutaxta fyrir þá leigubifreiðastjóra sem gera út frá stöðinni.

***Beiðni um undanþágu fyrir Hreyfil svf. til að gefa út sameiginlegan ökutaxta fyrir leigubifreiðar sem aka á vegum Bifreiðastöðvar Hreyfils***

**Númer máls:** 34/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Undanþágur

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið samþykkti að framlengja til eins árs undanþágu Hreyfils svf. til að gefa út hámarksökutaxta fyrir þá leigubifreiðastjóra sem gera út frá stöðinni.

***Endurskoðun skilyrða samkvæmt ákvörðun samkeppnisráðs nr. 20/2005.***

**Númer máls:** 35/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Aðdraganda þessa máls má rekja til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 20/2005 þar sem samruna FL Group hf., Bláfugls hf. og Flugflutninga ehf. voru sett tiltekin skilyrði sem áttu m.a. að tryggja viðskiptalegt sjálfstæði Bláfugls og Flugflutninga og að þessi fyrirtæki gætu veitt Icelandair Cargo fulla og óskoraða samkeppni í flugflutningum til og frá Íslandi. Samkvæmt ákvörðuninni bar jafnframt að taka til skoðunar fyrir 1. júlí 2007 hvort breyttar aðstæður myndu kalla á endurskoðun á skilyrðum hennar. Samkeppniseftirlitið hóf því athugun á því hvort þær forsendur, sem lagðar voru til grundvallar í fyrri ákvörðunum samkeppnisráðs, hefðu breyst. Gagnaöflun varð hins vegar tafsamari en ætla mátti m.a. þar sem umbeðnum gögnum frá aðilum málsins var í verulegum atriðum áfátt. Þá bentu þau gögn, sem Samkeppniseftirlitið aflaði, til þess að þörf væri á frekari rannsókn varðandi aðstæður á markaðnum. Var því talið nauðsynlegt að viðhalda umræddum skilyrðum um þriggja mánaða skeið til að hægt væri að rannsaka aðstæður á markaðnum tilhlýðilega.

***Samruni Samhentra kassagerða ehf. og Valdimars Gíslasonar ehf.***

**Númer máls:** 36/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um samruna Samhentra kassagerða og Valdimars Gíslasonar. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni og var því ekki talin ástæða til að aðhafast frekar vegna hans.

***Beiðni um framlengingu á heimild Eldsneytisafgreiðslunnar á Keflavíkurlflugvelli ehf. til þess að starfrækja öryggis- og tækninefnd***

**Númer máls:** 37/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Undanþágur

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Beiðni barst frá Eldsneytisafgreiðslunni á Keflavíkurlflugvelli ehf. (EAK) þar sem óskað var eftir að heimild félagsins til þess að starfrækja öryggis- og tækninefnd skipaða fulltrúum eigenda sinna og framkvæmdastjóra þess yrði framlengd. Að mati Samkeppniseftirlitsins var talið að þar sem starfsemi EAK færi gegn 10. gr. samkeppnislaga og að félagið starfaði á grundvelli undanþágu frá því ákvæði sem og að teknu tilliti til þess að samkvæmt heimild í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 27/2005 átti nefndin að starfa tímabundið væru ekki forsendur fyrir áframhaldandi heimild til starfsrækslu umræddrar öryggis- og tækninefndar. Var beiðni EAK því synjað.

***Samruni Merkúrs hf. og Steypustöðvarinnar ehf.***

**Númer máls:** 38/2007

**Atvinnuvegir:** Byggingarþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum um samruna Steypustöðvarinnar hf. og Merkúrs ehf. vakti Samkeppniseftirlitið athygli félaganna á lögboðinni tilkynningarskyldu þeirra skv. samkeppnislögum. Þeirri tilkynningu, sem barst í upphafi, var verulega áfátt og uppfyllti ekki þau skilyrði sem gerð eru til samrunatilkynninga skv. samkeppnislögum og reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samruna. Þrátt fyrir frekari ítrekanir af hálfu Samkeppniseftirlitsins barst fullnægjandi tilkynning um samrunann ekki fyrr en eftirlitið hafði gripið til þess úrræðis að leggja dagsektir á fyrirtækið. Bárust þá loks allar upplýsingar til að hægt væri að leggja mat á samkeppnisleg áhrif samrunans. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi ekki í ljós nein atriði sem bentu til þess að samruninn myndi raska samkeppni. Að mati Samkeppniseftirlitsins var því ekki ástæða til þess að aðhafast frekar.

### **Samruni Mest ehf. og Súperbyggs ehf.**

**Númer máls:** 39/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Í kjölfar umfjöllunar í fjölmiðlum um samruna Mest ehf. og Byggingarvöruverslunarinnar Súperbyggs ehf. vakti Samkeppniseftirlitið athygli félaganna á lögboðinni tilkynningarskyldu þeirra skv. samkeppnislögum. Þeirri tilkynningu, sem barst í upphafi, var verulega áfátt og uppfyllti ekki þau skilyrði sem gerð eru til samrunatilkynninga skv. samkeppnislögum og reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samruna. Þrátt fyrir frekari ítrekanir af hálfu Samkeppniseftirlitsins barst fullnægjandi tilkynning um samrunann ekki fyrr en eftirlitið hafði gripið til þess úrræðis að leggja dagsektir á fyrirtækið. Bárust þá loks allar upplýsingar til að hægt væri að leggja mat á samkeppnisleg áhrif samrunans. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi ekki í ljós nein atriði sem bentu til þess að samruninn myndi raska samkeppni. Að mati Samkeppniseftirlitsins var því ekki ástæða til þess að aðhafast frekar.

### **Samruni Mest ehf. og Pallaleigunnar Stoðar ehf.**

**Númer máls:** 40/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynningu um samruna Mest ehf. og Pallaleigunnar Stoðar ehf. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi ekki í ljós nein atriði sem bentu til þess að samruninn myndi raska samkeppni. Að mati Samkeppniseftirlitsins var því ekki ástæða til þess að aðhafast frekar.

### **Samruni Mest ehf. og Timburs og Stáls ehf.**

**Númer máls:** 41/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynningu um samruna Mest ehf. og Stáls ehf. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi ekki í ljós nein atriði sem bentu til þess að samruninn myndi raska samkeppni. Að mati Samkeppniseftirlitsins var því ekki ástæða til þess að aðhafast frekar.

### **Brot Brunavarna Suðurnesja á skilyrðum ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 6/1994**

**Númer máls:** 42/2007

**Atvinnuvegir:** Sérfræðipjónusta og önnur þjónusta

**Efni máls:** Annað

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Árið 1994 tók samkeppnisráð ákvörðun um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri Brunavarna Suðurnesja milli þess hluta rekstrarins, sem nyti verndar, og þess hluta sem væri í frjálsri samkeppni. Á árinu 2004 breyttu Brunavarnir Suðurnesja rekstri sínum og sömdu við tvö fyrirtæki, Öryggismiðstöð Íslands og Securitas, um að sinna útkallsþjónustu fyrir þau. Samhliða þessu aflögðu Brunavarnir Suðurnesja hinn fjárhagslega aðskilnað sem kveðið var á um í ofangreindri ákvörðun. Með þessu brutu Brunavarnir Suðurnesja gegn áður nefndri ákvörðun samkeppnisráðs. Brot Brunavarna Suðurnesja telst einnig vera til þess fallið að raska samkeppni á markaði fyrir útkalls- og vaktþjónustu og voru Brunavarnir Suðurnesja því sektaðar um 600.000 krónur fyrir að brjóta gegn ákvörðun samkeppnisyfirvalda.

### **Synjun Sunda ehf. á gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins**

**Númer máls:** 43/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Annað

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið hafði óskað eftir gögnum frá Sundum ehf. vegna rannsóknar á viðskiptum með hlutabréf í Glitni banka hf. Félagið svaraði ekki ítrekaðri gagnabeiðni stofnunarinnar fyrr en mörgum vikum eftir að liðinn var sá frestur er gefinn hafði verið í erindinu. Með því hafa Sund brotið gegn ótvíræðri lagaskyldu sinni til þess að verða við gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins og var lögð á þá stjórnvaldssekt að upphæð 1 milljón króna.

### **Kaup Kaupþings banka hf. á NIBC Holding N.V.**

**Númer máls:** 44/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning frá Kaupþingi banka hf. um kaup hans á NIBC Holding N.V. sem var eini eigandi hins hollenska banka NIBC N.V. Áður hafði Samkeppniseftirlitið veitt Kaupþingi undanþágu frá veitingu upplýsinga um samrunann hvað varðar kafla 2 til 9 í viðauka við reglur um tilkynningu samruna. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti ekki til þess að röskun yrði á samkeppni vegna samruna aðila og sá því ekki tilefni til þess að aðhafast frekar.

### **Samruni Sparisjóðs Mýrasýslu og Sparisjóðs Siglufjarðar**

**Númer máls:** 45/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Sparisjóður Mýrasýslu hefði fest kaup á Sparisjóði Siglufjarðar. Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem uppfyllti ekki reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Fullnægjandi upplýsingar bárust síðan með bréfi nokkru síðar. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti ekki til þess að röskun yrði á samkeppni vegna samruna aðila. Samkeppniseftirlitið sá því ekki tilefni til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.

#### ***Kaup Sparisjóðs Mýrasýslu á Sparisjóði Ólafsfjarðar***

**Númer máls:** 46/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Sparisjóðs Mýrasýslu á Sparisjóði Ólafsfjarðar. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti ekki til þess að röskun yrði á samkeppni vegna samruna aðila. Samkeppniseftirlitið sá því ekki tilefni til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.

#### ***Kaup Fóðurlöndunnar hf. á Kornhlöðunni ehf.***

**Númer máls:** 47/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Fóðurlöndunnar hf. (FB) á öllum hlutum Mjólkurfélags Reykjavíkur hf. (MR) og Kornax ehf. í Kornhlöðunni ehf. Með samrunanum voru eignartengslin milli FB, MR og Kornax rofin í samræmi við skilyrði sem Samkeppniseftirlitið setti fyrir samruna FB og Áburðarverksmiðjunnar ásamt öðrum á síðasta ári. Athugun Samkeppniseftirlitsins leiddi ekki í ljós nein atriði sem bentu til þess að samruninn myndi raska samkeppni og því var ekki talin ástæða til þess að aðhafast frekar.

#### ***Samruni Nýafis ehf. og Eignarhaldsfélagsins Nesprýði ehf.***

**Númer máls:** 48/2007

**Atvinnuvegir:** Byggingarþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um samruna Nýafis ehf. og Eignarhaldsfélagsins Nesprýði ehf. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni og í ljósi þess var ekki talin ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Ósk um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út sameiginlegan hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sem aka frá leigubifreiðastöðinni Aðalstöðinni ehf.***

**Númer máls:** 49/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Undanþágur

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið veitti heimild til handa leigubifreiðastöðinni Aðalstöðinni til útgáfu á hámarksökutöxtum fyrir bifreiðastjóra sem reka leigubifreiðar frá bifreiðastöð félagsins. Heimildin er veitt til 1. júlí 2008 en hún var bundin tilteknum skilyrðum líkt og tíðkast hefur í sambærilegum málum.

#### ***Samruni Samkaupa hf. og Búrs ehf.***

**Númer máls:** 50/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um samruna Samkaupa hf. og Búrs ehf. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni og var því ekki talin ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Samruni Reynimels ehf. og Kynniserða ehf.***

**Númer máls:** 51/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að eignarhaldsfélagið Reynimelur ehf. hefði keypt fyrirtækið Kynniserðir ehf. af FL Group hf. Reynimelur var félag m.a. í eigu hópferðafyrirtækjanna SBA-Norðurleiðar ehf. og Hagvagna/Hópþíla hf. Aðilar að samrunanum höfðu um margra ára skeið verið með þeim umfangsmestu í fólksflutningum hér á landi, s.s. á sviði hópferða og svokallaðra dagsferða. Auk þess hafa Kynniserðir verið langumsvifamesta fyrirtæki landsins í sérleyfisakstri. Þá stunda félagin akstur fyrir sveitarfélög á strætisvagnaleiðum. Það var mat Samkeppniseftirlitsins að hefði samruninn verið látinn óátalinn hefði orðið til markaðsráðandi staða á þeim markaði sem þessi fyrirtæki starfa á en samanlögð markaðshlutdeild þeirra reyndist vera tæplega 60%. Til samanburðar nam hlutdeild annarra einstakra keppnauta mest 5-10% af markaðnum. Það var því mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn myndi hindra virka samkeppni á umræddum markaði fyrir fólksflutninga og vinna þannig gegn markmiðum samkeppnislaga. Af þeim sökum ógilti Samkeppniseftirlitið samruna félaganna með vísan til heimildar í 17. gr. samkeppnislaga.

#### ***Samruni DM ehf. og Parlogis hf.***

**Númer máls:** 52/2007

**Atvinnuvegir:** Sérfræðipjónusta og önnur þjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um samruna dreifingarfyrtækjanna DM ehf. og Parlogis hf. Fyrirnefnda fyrirtækið hefur sérhæft sig í lagerhaldi og dreifingu á bókum og skrifstofuvörum en hið síðarnefnda í dreifingu á lyfjum og skyldum vörum. Að mati Samkeppniseftirlitsins fólu kaupin í sér samruna í skilningi samkeppnislaga+ og var hann eftirlitsskyldur þar sem veltuskilyrði ákvæðisins voru uppfyllt. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þessa var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Samruni Gámaþjónustu Austurlands ehf. og Sjónaráss ehf.***

**Númer máls:** 53/2007

**Atvinnuvegir:** Umhverfismál

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu var tilkynnt um samruna Gámaþjónustu Austurlands ehf. og Sjónaráss ehf. Að mati Samkeppniseftirlitsins fólu kaupin í sér samruna í skilningi samkeppnislaga og féll samruninn undir samrunaefartil laganna þar sem veltuskilyrði ákvæðisins voru uppfyllt. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þessa var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Endurskoðun skilyrða ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 20/2005, samruni FL Group hf., Bláfugls hf. og Flugflutninga ehf.***

**Númer máls:** 54/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 20/2005 voru samruna FL Group hf., Bláfugls hf. og Flugflutninga ehf. á markaði fyrir fragtflutninga með flugvélum til og frá Íslandi sett tiltekin skilyrði. Skilyrðin áttu m.a. að tryggja viðskiptalegt sjálfstæði Bláfugls og Flugflutninga og að þessi fyrirtæki gætu veitt Icelandair Cargo fulla og óskoraða samkeppni í flugflutningum. Samkvæmt ákvörðuninni skyldi við tiltekið tímamark kannað hvort breyttar aðstæður myndu kalla á endurskoðun á skilyrðunum. Eftir endurskoðun varð niðurstaðan sú að aðstæður á umræddum markaði hefðu breyst með þeim hætti að styrkur samrunaaðila hefði aukist enn frekar frá þeim tíma er samruni fyrirtækjanna var samþykktur og bæri nú vott um algjöra yfirburðastöðu á markaðnum. Fyrirhuguð innkoma Air Atlanta sem burðugs keppinautar á umræddum markaði hafi ekki gengið eftir en það hafi verið ein grunnforsenda þess að umræddur samruni var heimilaður. Ekki voru því taldar forsendur til að fella niður skilyrði þau sem kveðið er á um í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 20/2005.

#### ***Krafa um fjárhagslegan aðskilnað hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu***

**Númer máls:** 55/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Annað

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið mælti fyrir um að Slysavarnafélagið Landsbjörg skyldi skilja að fjárhagslega alla starfsemi félagsins sem rekin er í samkeppni við aðila á markaði annars vegar, þ.e. umsýslu vegna sölu og þjónustu á sjúkrakössum, flugeldasölu og sölu jólatrjáa, og almenna björgunar- og slysavarnarstarfsemi hins vegar sem að hluta til er rekin af almannafé. Með fjárhagslegum aðskilnaði ætti að vera tryggt að samkeppnisrekstur Slysavarnafélagsins Landsbjargar væri ekki niðurgreiddur með fé frá starfsemi samtakanna sem nýtur opinberra fjárframlaga.

#### ***Erindi vegna starfsemi Blindrabókasafnsins á markaðnum fyrir sölu hljóðbóka***

**Númer máls:** 56/2007

**Atvinnuvegir:** Mennta- og menningarmál

**Efni máls:** Opinberar samkeppnishömlur

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið mælti fyrir um að Blindrabókasafn Íslands skyldi skilja fjárhagslega á milli rekstrar safnsins annars vegar og framleiðslu og miðlun safnsins á hljóðbókum, í nafni fyrirtækisins Orðs í eyra, á almennan markað hins vegar. Starfsemi Orðs í eyra er rekin í samkeppni við einkaaðila sem framleiða og dreifa hljóðbókum á almennan markað. Samkeppniseftirlitið telur, að óbreyttu, þ.e. ef ekki er fjárhagslega skilið á milli þeirrar starfsemi Blindrabókasafnsins, sem nýtur opinberra fjárframlaga annars vegar, og útgáfu og dreifingar hljóðbóka á almennan markað hins vegar raski það samkeppni á almennum markaði fyrir útgáfu og sölu hljóðbóka.

#### ***Kaup Heilsu ehf. á Heilsuhorninu Ninna ehf.***

**Númer máls:** 57/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Heilsu ehf. á öllu hlutafé í Heilsuhorninu Ninna ehf. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þess var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Kaup Fóðurblöndunnar hf. á KHB-Miðbæ ehf.***

**Númer máls:** 58/2007



**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að Fóðurblandan hf. hefði keypt viðskiptavild, vörulager og lausafé af KHB-Miðbæ ehf. Var talið að með samrunanum skapaðist möguleiki á samþættingu á sölu á vörum og þjónustu samrunaaðila sem komi til með að styrkja stöðu hins sameinaða fyrirtækis á fóður- og áburðarmörkuðum og myndi sú staða bæði takmarka núverandi samkeppni sem og möguleika nýrra aðila til að hefja samkeppni á umræddum mörkuðum. Einnig var talið að samruninn gæti leitt til samvinnunar vara og/eða þjónustu á mismunandi vöru- og þjónustumörkuðum með tilheyrandi hömlum á samkeppni. Af þessu tilefni voru samrunanum sett skilyrði sem eiga að vinna gegn þessum neikvæðu áhrifum.

#### ***Kaup Icelandair Group hf. á hlutfé Travel Service a.s.***

**Númer máls:** 59/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um kaup Icelandair Group hf. á nær öllum hlutum í tékkneska fyrirtækinu Travel Group a.s. Aðalstarfsemi beggja félaganna felst í flug- og ferðaþjónustu. Að mati Samkeppniseftirlitsins fólu kaupin í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þessa var það niðurstaða eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Kvörtun 365 hf. á samningi sem Ríkisútvarpið ohf. og Árvakur hf. gerðu við Capacent Gallup.***

**Númer máls:** 60/2007

**Atvinnuvegir:** Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

**Efni máls:** Opinberar samkeppnishömlur

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst erindi þar sem 365 hf. kvartaði yfir samningi sem Ríkisútvarpið ohf. og Árvakur hf. gerðu við Capacent Gallup um gerð og birtingu vikulegra skoðanakannana á fylgi stjórnmalaflokkanna í aðdraganda alþingiskosninganna. 365 taldi að umræddur samningur stæðist hvorki ákvæði samkeppnislaga né ákvæði laga um Ríkisútvarpið. Að mati Samkeppniseftirlitsins féll samningurinn um gerð og birtingu umræddra fylgiskannana innan hins rúma almannaðjónustuhlutverks RÚV. Þá var ekki talið að samstarf RÚV við Árvakur í þessu tilvikum færi gegn samkeppnislögum og því ekki forsendur til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins vegna málsins.

#### ***Kaup Sparisjóðs Siglufjarðar á afgreiðslu Glitnis á Siglufirði***

**Númer máls:** 61/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið fór fram á að fá senda samrunatilkynningu vegna kaupa Sparisjóðs Siglufjarðar á afgreiðslu Glitnis á Siglufirði en tilkynningu um viðskiptin mátti þá finna á vefsíðu Sparisjóðsins. Eftir að tilkynning um samruna barst að lokum var hann tekinn til rannsóknar. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti ekki til þess að röskun yrði á samkeppni vegna samruna aðila enda væru afgreiðslur sparisjóðsins og Glitnis á Siglufirði líft rekstrarvænlegar í þeirri mynd sem þær voru reknar. Sá Samkeppniseftirlitið því ekki tilefni til þess að aðhafast frekar.

#### ***Kaup FoodCo hf. á öllum rekstri veitingastaðanna Kaffi Sólon og Sjávarkjallarans***

**Númer máls:** 62/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að FoodCo hf. hefði keypt eignir og rekstur veitingastaðanna Kaffi Sólon og Sjávarkjallarans. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þess var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Kaup FoodCo hf. á eignum og rekstri veitingastaðarins Lækjarbrekku***

**Númer máls:** 63/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst tilkynning um að FoodCo hf. hefði keypt eignir og rekstur veitingastaðarins Lækjarbrekku af G.H. Þyrpingu ehf. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þess var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

#### ***Samruni Inness hf. og Selecta fyrirtækjaþjónustu ehf.***

**Númer máls:** 64/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst til skoðunar samruni Inness hf. og Selecta fyrirtækjaþjónustu ehf. Að mati Samkeppniseftirlitsins féll samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði ákvæðisins voru uppfyllt. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þessa var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

### ***Kaup Innness hf. á Ólafi Guðnasyni ehf.***

**Númer máls:** 65/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst til skoðunar samruni Innness hf. og Ólafs Guðnasonar ehf. Að mati Samkeppniseftirlitsins féll samruninn undir samrunaæftirlit samkeppnislaga þar sem veltuskilyrði voru uppfyllt. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þessa var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

### ***Samruni KIB 1 ehf. og G.H. heildverslunar ehf.***

**Númer máls:** 66/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst til skoðunar samruni KIB 1 ehf. og G.H. heildverslunar ehf. Að mati Samkeppniseftirlitsins féll samruninn undir samrunaæftirlit samkeppnislaga þar sem veltuskilyrði voru uppfyllt. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þessa var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

### ***Samruni SPX og APV***

**Númer máls:** 67/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið hefur haft til skoðunar samruna SPX Corporation og APV. Að mati Samkeppniseftirlitsins féll samruninn undir samrunaæftirlit samkeppnislaga þar sem veltuskilyrði voru uppfyllt. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gáfu hins vegar ekki til kynna að samruninn myndi raska samkeppni. Í ljósi þessa var það mat eftirlitsins að ekki væri ástæða til að aðhafast frekar.

### ***Brot Eignarhaldsfélagsins Sævarhöfða ehf. á tilkynningarskyldu um samruna***

**Númer máls:** 68/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið vakti athygli á því, með vísan til fréttar um að Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði ehf. hefði nokkru áður keypt allt hlutafé í Bifreiðum og Landbúnaðarvélum hf., að um væri að ræða samruna sem væri tilkynningarskyldur skv. samkeppnislögum. Samrunatilkynning barst tæplega þremur mánuðum eftir að lögbundinn frestur var liðinn. Var því talið að Sævarhöfði hefði brotið gegn tilkynningarskyldu sinni og félaginu gert að greiða 1.500.000 króna sekt.

### ***Kvörtun vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar um að hefja söfnun á pappírsgangangi í samkeppni við einkaaðila með því að bjóða borgarbúum svokallaðar Bláar tunnur***

**Númer máls:** 69/2007

**Atvinnuvegir:** Umhverfismál

**Efni máls:** Opinberar samkeppnishömlur

**Niðurstaða:** Ekki íhlutun

**Ágrip:** Í málinu var kvartað undan rekstri Reykjavíkurborgar á endurvinnslutunnum fyrir heimili. Taldi kvartandi að vegna stöðu Reykjavíkurborgar myndi þessi rekstur hafa neikvæð áhrif á samkeppni. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að ekki væru fyrir hendi lagaskilyrði til íhlutunar vegna rekstrar Reykjavíkurborgar sökum þess að reksturinn félli innan lögbundinna skylduverkefna sveitarfélaga. Í ákvörðuninni kemur hins vegar fram það mat Samkeppniseftirlitsins að komið hefðu fram vísbendingar í málinu um að rekstur Reykjavíkurborgar á umræddum endurvinnslutunnum raskaði samkeppni á markaði fyrir sorphirðu. Hendur eftirlitsins væru hins vegar bundnar vegna þeirra hlutverka tengdum sorphirðu, sem sveitarstjórnnum er falið með lögum, og fordæma áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Samkeppniseftirlitið áskildi sér þó rétt til þess að taka síðar til athugunar hvort ástæða væri til þess að beina álit til Reykjavíkurborgar á grundvelli c. liðar 1. mgr. 8. gr.

### ***Misnotkun Hf. Eimskipafélags Íslands á markaðsráðandi stöðu sinni***

**Númer máls:** 70/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

**Niðurstaða:** Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Eimskip hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína á sjóflutningamarkaði og brotið þannig gegn samkeppnislögum. Þetta gerði Eimskip annars vegar með aðgerðum, sem miðuðu markvisst að því að koma Samskipum út af markaðnum, og hins vegar með því að gera fjölmarga einkakaupasamninga við viðskiptavinum sína. Með einkakaupum í þessu samhengi er átt við samninga þar sem Eimskip skuldbatt viðskiptavinum sína til þess að kaupa flutningaþjónustu einungis af félaginu en slíkir samningar eru ólögmatir þegar markaðsráðandi fyrirtæki á í hlut. Í sumum samninganna var einnig að finna samkeppnishamlandi tryggðarafsætti. Telur Samkeppniseftirlitið að brot Eimskips á 11. gr. samkeppnislaga hafi verið alvarleg og til þess fallin að valda atvinnulffinu og almenningi miklu samkeppnislegu tjóni. Var Eimskipi gert að greiða 310 milljón króna stjórnvaldssekt vegna þessara brota á samkeppnislögum.

### Erindi Canal Digital Íslandi ehf. um misnotkun 365 miðla ehf. á markaðsráðandi stöðu

Númer máls: 1/2007

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

Niðurstaða: Íhlutun

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið tók ákvörðun til bráðabirgða vegna ætlaðra brota 365 miðla ehf. á samkeppnislögum sem og broti gegn ákvörðun samkeppnissráðs frá árinu 2005. Ætluð brot 365 miðla fólust í því að fyrirtækið synjaði Canal Digital Íslandi ehf. (Canal Digital), sem m.a. hugðist starfa að dreifingu sjónvarpsefnis á Íslandi, um dreifingu á íslenskum sjónvarpsrásum 365 nema gegn því skilyrði að fá aðgang að viðskiptamannagrunni Canal Digital. Það var mat Samkeppniseftirlitsins að krafa 365 miðla um aðgang að viðskiptamannagrunni keppinautarins væri að öllum líkindum verulega samkeppnishamlandi enda eru 365 miðlar með einstaka yfirburðastöðu á íslenska markaðnum fyrir áskriftarsjónvarp. Kunni því að vera um að ræða að fyrirtækið væri að misnota markaðsráðandi stöðu sína.

# Álit

## Álit til sjórvalda

### Erindi Fréttavefs Suðurlands ehf. vegna leigu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga á léninu sudurland.is til Sunnlenska fréttablaðsins og Eyjafréttu.

Númer máls: 1/2007

Atvinnuvegir: Fjarskipti, upplýsingatækni og fjölmiðlun

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið beindi þeim tilmælum til SASS, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, að samtökin ráðstöfuðu léni sínu, www.sudurland.is, með opinberu útboði á léninu eða á annan málefnalegan og gagnsæjan hátt sem ekki mismuni keppinautum á markaði ef samtökin hefðu vilja til þess að ráðstafa léni samtakanna til afnota fyrir keppinauta á sviði fréttu-, upplýsinga- og auglýsingamiðlunar. SASS hafði leigt tilteknum aðilum umrætt lén frá árinu 2005 en leigusamningur átti að renna út síðar á árinu.

### Samkeppnishömlur á markaði fyrir leigubifreiðar sem leiða af ákvæðum laga og reglna um leigubifreiðar

Númer máls: 2/2007

Atvinnuvegir: Samgöngur og ferðamál

Efni máls: Opinberar samkeppnishömlur

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið beindi þeim tilmælum til samgönguráðherra að hann beitti sér fyrir breytingum á lögum og reglum um leigubifreiðar. Markaðurinn væri einsleitur og hefði einkenni fákeppnismarkaðar og lagaumhverfið væri til þess fallið að skerða atvinnufrelsi og hindra virka samkeppni í viðskiptum. Var þeim tilmælum beint til ráðherra að gerðar yrðu breytingar á lögum og öðrum reglum, sem um leigubifreiðar gilda, með það að markmiði að skapa eðlilegt samkeppnisumhverfi í samræmi við markmið samkeppnislaga.

# Umsagnir

## Helstu umsagnir til Alþingis

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005

Málsnr.: 522. mál, þskj. 788 á 133. löggjafarþingi

Dags.: 19. febrúar 2007

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum. Frumvarpið var afrakstur af starfi nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum sem skipuð hafði verið af forsætisráðherra og stýrt af dr. Páli Hreinssyni, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Var það mat Samkeppniseftirlitsins að frumvarpið miðaði að því að tryggja enn frekar markvissa og skilvirka framkvæmd samkeppnislaga, atvinnulífins og almenningi til hagsbóta. Lýsti Samkeppniseftirlitið yfir stuðningi við þær breytingar á samkeppnislögum sem lagaðar voru til í frumvarpinu. Frumvarpið var síðan samþykkt sem lög frá Alþingi þann 17. mars 2007 þar sem að fullu var tekið tillit til umsagnar Samkeppniseftirlitsins.

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005

Málsnr.: 11. mál, þskj. 11 á 133. löggjafarþingi

Dags.: 2. mars 2007

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum er vörðuðu mat á lögmæti samruna. Í frumvarpinu var lagt til að viðmiðunarmörkum við tilkynningarskyldu samruna yrði breytt þannig að sameiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja þyrfti að vera 4 m. kr. í stað 1 m. kr. og að a.m.k. tvö af þeim fyrirtækjum, sem aðild ættu að samruna, þyrftu að hafa a.m.k. 300 m.kr. ársveltu hvert um sig, í stað 50 m.kr. í þágildandi lögum. Var það mat Samkeppniseftirlitsins að reynsla þess úr starfi gæfi ekki tilefni til breytinga á framangreindum ákvæðum. Lagðist Samkeppniseftirlitið gegn því að frumvarpið yrði samþykkt sem lög frá Alþingi. Umrætt frumvarp var ekki afgreitt úr nefndinni á þinginu.

## Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum

Málsnr.: 203. mál, þskj. 218 á 135. löggjafarþingi

Dags.: 3. desember 2007

**Ágrip:** Lagt var fram á Alþingi frumvarp um breytingu á búvörulögum. Af því tilefni kaus Samkeppniseftirlitið að koma á framfæri við sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd athugasemdum við frumvarpið þótt nefndin hafi ekki sent eftirlitinu umsagnarbeiðni þar að lútandi. Vísað var til álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2006, Opinberar samkeppnishömlur í mjólkuriðnaði, þar sem fjallað var ítarlega um mjólkuriðnaðinn á Íslandi. Gat Samkeppniseftirlitið ekki fallist á að með frumvarpinu væri verið að fara að framangreindu áliiti eins og haldið var fram í greinargerð með frumvarpinu. Þvert á móti var það mat Samkeppniseftirlitsins að umrætt frumvarp væri til þess fallið að styrkja enn frekar stöðu afurðastöðva, sem starfa innan vébanda Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, gagnvart innlendum aðilum utan samtakanna sem og erlendri samkeppni og skaða þar með hagsmuni neytenda. Samkeppniseftirlitið hvatti til að lög nr. 99/1993 yrðu tekin til heildstæðrar endurskoðunar þar sem tekið yrði tillit til tilmæla sem fram komu í fyrrnefndu áliiti Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2006. Umrætt mál var ekki afgreitt úr nefndinni á þinginu.

# Áfrýjunarnefnd samkeppnismála

## Úrskurðir

### *Iceland Excursions Allrahanda ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*

Númer máls: 1/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Ólögðmætt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu

**Niðurstaða:** Staðfest að hluta

**Ágrip:** Iceland Excursions Allrahanda kærði til áfrýjunarnefndar þá ákvörðum Samkeppniseftirlitsins að taka ekki til efnismeðferðar fjóra liði í kvörtun fyrirtækisins til eftirlitsins frá 23. ágúst 2006. Áfrýjunarnefndin staðfesti niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um frávisun vegna þriggja liða en lagði fyrir Samkeppniseftirlitið að taka til frekari meðferðar einn kröfulið. Sá kröfuliður hafði verið talinn ótækur til efnismeðferðar vegna skorts á rökstuðningi um að háttsemin færi gegn samkeppnislögum og raskaði samkeppni. Var talið að rétt hefði verið að gefa kvartanda kost á að skýra mál sitt frekar áður en tekin yrði ákvörðun um að sinna ekki erindi hans.

### *Útgáfufélagið Guðrún ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*

Númer máls: 2/2007

**Atvinnuvegir:** Neysluvörur, rekstrarvörur o.fl.

**Efni máls:** Ólögðmætt samráð eða misnotkun á markaðsráðandi stöðu

**Niðurstaða:** Staðfest

**Ágrip:** Málið varðaði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 46/2006 þar sem samruni DM ehf. og Dreifingarmiðstöð varinnar ehf. var heimilaður með tilteknum skilyrðum en þetta fyrirtæki sinnir dreifingu á bókum, ritföngum, tímaritum og skrifstofuvörum og eru eignatengsl milli þess og Pennans hf. Meðal þeirra skilyrða, sem samrunanum voru sett, var að DM ehf. væri óheimilt að sinna innheimtu reikninga fyrir þá aðila sem fyrirtækið dreifði bókum fyrir. Áfrýjandi var í hópi slíkra fyrirtækja. Frestur hafði verið gefinn skv ákvörðunin til 1. mars 2007. Samkeppniseftirlitið hafði orðið við ósk áfrýjanda um tímabundna undanþágu til 1. júní 2007 en synjaði um ótímabundna undanþágu og var sú ákvörðun staðfest af áfrýjunarnefndinni.

### *Bifreiðastöð Oddeyrar ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*

Númer máls: 3/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Undanþágur

**Niðurstaða:** Staðfest

**Ágrip:** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2007 þar sem beiðni Bifreiðastöðvar Oddeyrar um leyfi til að gefa út samræmdan hámarksökutaxta fyrir bifreiðastjóra sína var synjað. Var tekið fram að hver sá, sem ræki leigubifreið í atvinnuskyni, teldist fyrirtæki skv. skilgreiningu samkeppnislaga og því ætti við 10. samkeppnislaga sem bannar ólögðmætt samráð fyrirtækja. Töldust skilyrði 15. gr. samkeppnislaga, sem heimila undanþágur frá fyrrnefndum ákvæðum, ekki uppfyllt.

### *Icelandair ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu*

Númer máls: 4/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Misnotkun á markaðsráðandi stöðu

**Niðurstaða:** Staðfest með breytingum

**Ágrip:** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2007 þess efnis að með kynningu og sölu á flugfargjöldum, svokölluðum Netsmellum, sem stóðu viðskiptavinum Icelandair ehf. til boða á árinu 2004 á flugleiðinni milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar annars vegar og á flugleiðinni milli Keflavíkur og Lundúna hins vegar, hefði félagið misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið gegn samkeppnislögum. Icelandair var gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 130 milljónir króna í ríkissjóð en í því fólst 60 milljón króna lækkun frá álagðri sekt Samkeppniseftirlitsins.

### **Aðalbergur Þórarinnsson o.fl. gegn Samkeppniseftirlitinu**

**Númer máls:** 5/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Ólögmaett samráð

**Niðurstaða:** Felld úr gildi

**Ágrip:** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi úr gildi ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2007 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að hópur leigubifreiðastjóra, sem störfuðu á leigubifreiðastöðvunum BSH í Hafnarfirði og Aðalvíl í Reykjanesbæ, hefðu haft með sér ólögmaett samráð er þeir sammæltust um að segja upp samningum sínum við bifreiðastöðvarnar.

### **Icelandair Group hf. og Bláfugl ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu**

**Númer máls:** 6/2007

**Atvinnuvegir:** Samgöngur og ferðamál

**Efni máls:** Samrunamál

**Niðurstaða:** Staðfest

**Ágrip:** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 35/2007 þess efnis að viðhalda skilyrðum sem sett voru í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 20/2005 vegna samruna FL Group hf., Bláfugls hf. og Flugflutninga ehf. um þriggja mánaða skeið. Áfrýjunarnefndin taldi að málefnalegar forsendur hefðu verið fyrir því að viðhalda umræddum skilyrðum þar sem málsaðilar hefðu borið a.m.k. að hluta til ábyrgð á því að endurskoðun skilyrðanna dróst fram yfir það tímamark sem getið var um í sátt ákvörðunar nr. 20/2005. Þá taldi nefndin að umræddur frestur hefði verið eðlilegur, m.a. með hliðsjón af umfangi málsins, og ekki fara gegn meðalhófsreglu stjórnvísingulaga.

### **Sund ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu**

**Númer máls:** 7/2007

**Atvinnuvegir:** Fjármálaþjónusta

**Efni máls:** Vanræksla á upplýsingaskilyrðum

**Niðurstaða:** Staðfest

**Ágrip:** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 43/2007 sem fjallaði um vanrækslu Sunda ehf. á því að sinna upplýsingaskilyrðum sinni skv. samkeppnislögunum. Var staðfest að Sundum bæri að greiða stjórnvaldssekt að upphæð 1 milljón króna.

# Samkeppniseftirlitið fyrir dómstólum

## Dómar í héraði

### **Toppfiskur ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu**

**Númer máls:** E-3847/2006

**Ágrip:** Toppfiskur hafði lagt inn erindi til Samkeppniseftirlitsins þar sem þess var farið á leit, með vísan til 14. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, að Samkeppniseftirlitið mælti fyrir um fjárhagslegan aðskilnað milli annars vegar þess hluta útgerðar rekstrar útgerðarfyrtækja, sem njóti einkaleyfis til fiskveiða, og hins vegar þess hluta rekstrar þeirra sem sé á sviði fiskvinnslu og í samkeppni við önnur fiskvinnslufyrtæk. Samkeppniseftirlitið ákvað að ekki væri tilefni til að aðhafast frekar vegna kvörtunarinnar. Var sú ákvörðun kærð til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Í máli þessu var krafist ógildingar á þeim úrskurði áfrýjunarnefndarinnar m.a. vegna þess að Toppfiskur taldi að brotið hefði verið á andmælarétti sínum við meðferð málsins fyrir áfrýjunarnefndinni. Var deilt um hvort lögmaður aðila hefði fengið viðunandi tækifæri til að tjá sig um efni greinargerðar Samkeppniseftirlitsins fyrir áfrýjunarnefndinni. Vísað var í bréf frá starfsmanni áfrýjunarnefndar til lögmanns aðila þar sem honum var tilkynnt um frest sinn til að gera athugasemdir við greinargerð eftirlitsins. Auk þess var talið að ekki hefði verið sýnt fram á að úrskurður áfrýjunarnefndarinnar hefði verið kveðinn upp á grundvelli ófullnægjandi upplýsinga. Var þannig ekki fallist á að um brot á andmælarétti aðila hefði verið að ræða við meðferð málsins hjá áfrýjunarnefndinni og því ekki fallist á ógildingu úrskurðar hennar og Samkeppniseftirlitið því sýknað í málinu.

### **Ker hf., Ólíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf. gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu**

**Númer máls:** E-4965/2005

**Ágrip:** Í máli þessu kröfðust olíufélögin þess að dómari málsins, sem varðaði ógildingu eða breytingu á úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála, viki sæti þar sem dómari hefði áður dæmt í málum er vörðuðu þá háttsemi sem fyrrnefndur úrskurður fjallar um. Tilvísuð mál voru skaðabótamál þriðju aðila á hendur olíufélögunum vegna tjóns er þeir urðu fyrir vegna samráðs olíufélaganna. Í dómnum var tekið fram að þar sem þau dómsmál, sem vísað var til, væru skaðabótamál væri sakarefnið í málunum ekki hið sama. Í fyrrnefndum skaðabótamálum hefði aðkoma dómarsins ekki verið að meta hvort gerðir olíufélaganna hefðu verið saknæmar og ólögmaettar heldur einungis hvort málsaðilum hefði tekist að sanna að þeir hafi orðið fyrir tjóni og þá að meta tjónið. Það var því mat dómarsins að ekki væru fyrir hendi þau atvik eða aðstæður sem leitt gætu til þess að óhlutdrægni hans yrði með réttu dregin í efa og var kröfunni því hafnað.

### **Sálfræðingafélag Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu**

**Númer máls:** E-4825/2006

**Ágrip:** Samkeppniseftirlitið hafði í ákvörðun sinni nr. 8/2005 komist að þeirri niðurstöðu að heilbrigðisfyrirvöld hefðu raskað samkeppni með því neita að semja um greiðsluþátttöku í kostnaði sjúkratryggða við sálfræðimeðferð hjá klínískum sálfræðingum. Var talið að klínískir sálfræðingar og geðlæknar væru keppinautar varðandi meðferð á geðrænum vandamálum sem ekki væru lyfjatengd. Var talið samkeppnishamlandi að samið væri við geðlækna en ekki sálfræðinga og þeim fyrirmælum beint til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

að ganga til samninga við sjálfstætt starfandi klíníska sálfræðinga. Þessari ákvörðun var skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem klotnaði í málinu. Taldi meirihluti hennar að synjun heilbrigðisráðherra ætti stoð í lögum um heilbrigðisþjónustu sem gengju framur samkeppnislögum. Sökum þessa ógilti áfrýjunarnefnd Samkeppniseftirlitsins. Minnihluti hennar vildi hins vegar staðfesta ákvörðun eftirlitsins. Sálfræðingafélag Íslands skaut úrskurði áfrýjunarnefndar til dómstóla og krafðist þess að hann yrði felldur úr gildi og féllst Héraðsdómur Reykjavíkur á þá kröfu félagsins. Féllst dómurinn ekki á þá niðurstöðu áfrýjunarnefndar að lög um heilbrigðisþjónustu girði fyrir að Samkeppniseftirlitið geti gripið til þeirra aðgerða gegn heilbrigðisyrðildum sem fram komu í umræddri ákvörðun þess. Það skal tekið fram að þessari niðurstöðu var áfrýjað til Hæstaréttar þar sem henni var snúið enn á ný.

#### **Flugþjónustan Keflavíkurlflugvelli ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu**

Númer máls: E-7816/2006

**Ágrip:** Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2006 var komist að þeirri niðurstöðu að Flugþjónustan á Keflavíkurlflugvelli (IGS), dótturfélag FL Group (nú Icelandair Group), hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína við afgreiðslu farþegaflugvéla. Fyrirtækið braut gegn 11. gr. samkeppnislaga þegar það gerði einkakaupasamninga við flugfélög sem lenda á Keflavíkurlflugvelli og með því að gera flugfélaginu LTU samkeppnishamlandi tilboð. Samkeppniseftirlitið gerði fyrirtækinu að greiða 80 milljóna króna stjórnvaldssekt til ríkissjóðs. Ákvörðun þessi var staðfest af áfrýjunarnefnd samkeppnismála sem þó lækkaði stjórnvaldssekt þá sem lögð hafði verið á fyrirtækið vegna brotanna. IGS höfðaði þá mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem þess var krafist að úrskurður áfrýjunarnefndar yrði felldur úr gildi eða stjórnvaldssektin yrði felld niður eða lækkuð verulega. Þessu hafnaði héraðsdómur og staðfesti að IGS hefði brotið gegn samkeppnislögum og að álögð sekt væri í samræmi við alvarleg brot félagsins.

#### **Dagur Group ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu**

Númer máls: E-7825/2006

**Ágrip:** Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2006 var Skífan fundin sek um að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína og brotið þannig gegn bannákvæðum samkeppnislaga. Þetta gerði Skífan með gerð ólögðmætra samninga við Hagkaup um sölu á hljómdiskum og tölvuleikjum, annars vegar á árinu 2003 og hins vegar á árinu 2004, sem báðir fóla í sér einkakaup og samkeppnishamlandi afslætti. Með einkakaupum í þessu samhengi er átt við að Hagkaup skuldbundu sig til að kaupa í heildsölu tiltekið hátt hlutfall af öllum umræddum vörum, eingöngu af Skífunni. Með samningunum voru keppinautar Skífunnar í heildsölu á hinum tilgreindu vörum nánast útilokaðir frá viðskiptum við Hagkaup sem er stór seljandi á m.a. hljómdiskum. Um var að ræða ítrekað brot Skífunnar á samkeppnislögum. Fjallað var um fyrra lögprot Skífunnar í ákvörðun samkeppnissráðs frá árinu 2001 og hæstaréttardómi frá árinu 2004. Brot Skífunnar á samkeppnislögum, sem nú er dæmt fyrir, var umfangsmeira en eldra brot fyrirtækisins. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var Degi Group (áður Skífan, nú Árdegi) gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 65 milljónir króna. Dagur Group skaut þessu máli til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti ákvörðun Samkeppniseftirlitsins. Taldi nefndin að brot Skífunnar hefðu verið bæði augljós og alvarleg og að fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins hefði mátt vera ljóst að umræddir samningar færu gegn samkeppnislögum og ákvörðun samkeppnissráðs frá 2001. Dagur Group höfðaði síðan mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem þess var krafist að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála yrði felldur úr gildi eða stjórnvaldssektin felld niður eða stórlega lækkuð. Í dómnum var þessum kröfum hafnað og fallist á að samkeppnislög hefðu verið brotin og að álögð sekt væri í samræmi við alvarleg brot málsins.

#### **Mjólkursamsalan ehf., Auðhumla svf. og Osta- og smjörsalan sf. gegn Samkeppniseftirlitinu**

Númer máls: F-409/2007

**Ágrip:** Í máli þessu óskuðu Mjólkursamsalan og tengd fyrirtæki eftir flýtimeðferð vegna fyrirhugaðrar málshöfðunar þar sem gerð yrði sú krafa að viðurkennt yrði að forstjóra Samkeppniseftirlitsins og öðrum starfsmönnum stofnunarinnar sé skylt að víkja sæti við meðferð þess stjórnslumáls sem hófst með húsleit Samkeppniseftirlitsins hjá aðilum þann 5. júní 2007. Því var haldið fram að vegna ummæla og óviðeigandi framkomu hafi forstjóri Samkeppniseftirlitsins orðið vanhæfur til meðferðar málsins og aðrir starfsmenn stofnunarinnar þar með á grundvelli undirmannavanhæfis. Höfðu aðilar með bréfi til Samkeppniseftirlitsins farið fram á að forstjórinn viki sæti en því hafði verið hafnað. Var talið að það mætti ráða af gögnum málsins að aðilar væru sammála um að sú ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að hafna því að víkja sæti við meðferð þess stjórnslumáls, sem hér um ræddi, væri ekki stjórnvaldsákvörðun. Væri sá skilningur í samræmi við sjónarmið í íslenskum stjórnslurétti. Samkvæmt 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991 er það skilyrði fyrir því að mál sæti flýtimeðferð að fyrirhuguð málshöfðun sé vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds. Þar sem ákvörðun um hæfi varðar meðferð máls en lýtur ekki að efnislegri úrlausn þess var ekki talið að uppfyllt væri það skilyrði flýtimeðferðar að um væri að ræða ákvörðun eða athöfn stjórnvalds í skilningi lagaákvæðisins.

#### **Mjólkursamsalan ehf., Auðhumla svf. og Osta- og smjörsalan sf. gegn Samkeppniseftirlitinu**

Númer máls: E-5079/2007

**Ágrip:** Héraðsdómur Reykjavíkur komst að þeirri niðurstöðu í máli Mjólkursamsölnunnar ehf., Auðhumla svf. og Osta- og smjörölnunnar sf. gegn Samkeppniseftirlitinu að Páli Gunnari Pálssyni, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, væri skylt að víkja sæti við meðferð stjórnslumáls þess sem hófst með húsleit hjá umræddum fyrirtækjum þann 5. júní 2007. Var beiðnin rökstudd m.a. með tilvísun til ummæla forstjóra Samkeppniseftirlitsins á fundi með lögmanni aðila þar sem hann átti að hafa mælt „Ég ætla bara að segja eitt við þig, svei ykkur“ eftir að honum hafði verið afhent bréf þar sem greint var frá sameiningu afurðarstöðva í mjólkuriðnaði. Þótti forstjóri Samkeppniseftirlitsins hafa með þessu framferði sínu látið í ljós neikvæð viðhorf gagnvart aðilum sem væru til þess fallin að draga mætti óhlutdrægni hans með réttu í efa. Þessari niðurstöðu var síðar snúið við af Hæstarétti.

#### **Ker hf., Ólíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf. gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu**

Númer máls: E-4965/2005

**Ágrip:** Ker, Ólíufélag Íslands og Skeljungur höfðuðu mál þar sem þess var krafist að felldur yrði úr gildi úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2004 vegna ætlaðs ólögðmæts samráðs ólíufélaganna. Við meðferð málsins kröfðust Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið dómkvaðningar matsmanna og yfirmatsmanna. Ólíufélagin kröfðust þess aðallega að matsbeiðnunum yrði hafnað þar sem þær brytu í bága við meginreglur einkamálaréttarfars um munnlegan málflutning og væru auk þess óljósar og leiðandi. Var talið að á grundvelli 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 ættu Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið rétt á að afla og leggja fram í einkamáli þau sönnunargögn sem þau telja málstað sínum til framdráttar. Eina áskilnaðinn um form og efni matsbeiðna er að finna í 1. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991. Þótt fyririggjandi beiðnir væru í löngu máli voru þær skýrt fram settar og uppfylltu því kröfur 1. mgr. 61. gr. laga nr. 91/1991. Til vara kröfðust Ker og Skeljungur þess að farið yrði



með beiðni varnaraðila um dómkvaðningu yfirmatsmanna sem beiðni um undirmat þar sem í yfirmatsbeiðninni kæmu fram spurningar sem ekki hefðu verið teknar til mats í undirmati. Ker, Olíufélag Íslands og Skeljungur þóttu ekki hafa sýnt fram á að í yfirmatsbeiðninni hefði verið krafist mats á öðrum atriðum en þeim sem þegar höfðu verið metin í undirmatsgerðinni. Var því staðfest að umbeðnar matsbeiðnir skyldu fara fram.

## Dómar Hæstaréttar

### *Rannsóknarstofan í Mjódd sf. gegn Samkeppniseftirlitinu og gagnsök*

Númer máls: 304/2006

**Ágrip:** Landspítali-háskólasjúkrahús (LHS) gerði samning við Heilsugæsluna í Reykjavík þess efnis að rannsóknarstofnun sjúkrahússins tæki við rannsóknum fyrir Heilsugæsluna á tilteknum sviðum. Áður hafði Rannsóknarstofan í Mjódd sinnt slíkum rannsóknum fyrir heilsugæslurnar í Mjódd og Grafarvogi. Rannsóknarstofan krafðist þess að Samkeppniseftirlitið tæki málið til athugunar. Samkeppnisráð taldi ekki ástæðu til að hafast frekar vegna málsins og var sú ákvörðun staðfest hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála. Rannsóknarstofan krafðist þess fyrir dómi að fyrrnefndur úrskurður áfrýjunarnefndarinnar yrði felldur úr gildi. Taldi Rannsóknarstofan að samningur LHS og Heilsugæslunnar í Reykjavík hefði heimilað samkeppnisyfirvöldum að grípa til aðgerða á grundvelli b. liðar 1. mgr. 17. gr. og 14. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993. Hér staðfesti Hæstiréttur hins vegar þá niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar að 3. mgr. 42. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu hefði að geyma sérákvæði sem heimilaði ráðherra að ákveða hvort eða í hve miklum mæli heilbrigðisyfirvöld keyptu tiltekna rannsóknarþjónustu af einkaaðilum og væru því ekki skilyrði til að beita b. lið 17. gr. Þá var og staðfest að ekki hefðu verið skilyrði til að beita heimild 14. gr. þágildandi samkeppnislaga þar sem sú þjónusta, sem rannsóknarstofnun LHS veitti heilsugæslunni í Reykjavík, væri aðeins í þágu hins opinbera heilbrigðiskerfis en ekki á frjálsum markaði. Var kröfu Rannsóknarstofunnar því hafnað.

### *Ker hf., Olíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf. gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu*

Númer máls: 478/2007

**Ágrip:** Í málarekstri vegna samráðs olíufélaganna höfðu Samkeppniseftirlitið og íslenska ríkið krafist dómkvaðningar matsmanna og yfirmatsmanna. Olíufélagin kröfðust þess að matsbeiðnunum yrði hafnað þar sem þær brytu í bága við meginreglur einkamálaréttarfars um munnlegan málflytning og væru auk þess óljósar og leiðandi. Til vara kröfðust þeir að farið yrði með beiðni varnaraðila um dómkvaðningu yfirmatsmanna sem beiðni um undirmat þar sem í yfirmatsbeiðninni kæmu fram spurningar sem ekki hefðu verið teknar til mats í undirmati. Þótti ekki tilefni til að taka kröfur olíufélaganna til greina og var því staðfestur úrskurður héraðsdóms og fallist á umbeðnar dómkvaðningar.

### *Ker hf., Olíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf. gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu*

Númer máls: 257/2007

**Ágrip:** Í málarekstri vegna samráðs olíufélaganna gerðu Ker hf., Olíuverslun Íslands hf. og Skeljungur hf. þá kröfu fyrir héraðsdómi að dómari viki sæti á grundvelli g. liðar 5. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála en þeir töldu að skoðanir dómara kynnu að vera mótaðar í ljósi skaðabótamála á hendur sömu aðilum sem hann hafði nýlega felld dóm í og því gæti það komið í veg fyrir að mál þetta yrði meðhöndlað þannig að fyllsta hlutleysi væri gætt. Var ekki talið að nein atvik eða aðstæður yllu því að héraðsdómari yrði talinn vanhæfur til að fara með umrætt mál vegna tilvísáðrar lagagreinar og var kröfu félaganna um að dómari viki sæti því hafnað.

### *Mjólkursalsalan ehf., Auðhumla svf. og Osta- og smjöralsalan sf. gegn Samkeppniseftirlitinu*

Númer máls: 388/2007

**Ágrip:** Kærður var úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem synjað var beiðni sóknaraðila um útgáfu stefnu til flýtimeðferðar á máli sem þeir hyggjast höfða á hendur varnaraðila. Tekið var fram að samkvæmt 1. mgr. 123. gr. laga nr. 91/1991 væri það meðal annars skilyrði fyrir flýtimeðferð einkamáls að mál væri höfðað vegna ákvörðunar eða athafnar stjórnvalds. Málssókn sóknaraðila beinist eingöngu að því að fá hnekk synjun varnaraðila á að víkja sæti við rannsókn á ætluðum brotum þeirra gegn ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005. Fallist var á með sóknaraðilum að synjun varnaraðila á erindi þeirra hér að lútandi teldist vera ákvörðun í skilningi ákvæðisins og varðaði hagsmuni þeirra sem teldust vera stórfelldir í þeirri merkingu sem lagaákvæðið geymir. Var hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að gefa út réttarstefnu til flýtimeðferðar



Húsnæði Samkeppniseftirlitsins, Borgartún 26



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Borgartúni 26, Pósthólf 5120, 125 Reykjavík • [www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is) • [samkeppni@samkeppni.is](mailto:samkeppni@samkeppni.is)